



HAFNARBORG EHF.

**50% afsláttur af
nammibarnum
um helgina**



Til hamingju
Bakel Á. Heiðarsdóttir
með STIGA-sleðann.
Þá eru 3 sleðar eftir.
Færð þú einn?



HAFNARSTRÆTI 7

SÍMI 456 3166

ÚNÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 19. nóvember 2003 • 46. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Hér vil ég vera

– sjá viðtal í miðopnu við Gunnar
Jónsson skipamiðlara á Ísafirði



Áhöfnin á frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS 270

Verðlaunuð fyrir framúrskarandi gæði

Áhöfn Júlíusar Geirmundssonar ÍS, frystitogara Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal, hefur verið veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi gæði í vinnslu á síðasta fiskveiðarári af Icelandic, dótturfélagi SH í Bandaríkjunum. Jón Jóhannesson, frá Icelandic afhenti viðurkenninguna á laugardag, rétt áður en skipið lét úr höfn.

Alls fengu fjögur frystiskip viðurkenningu Icelandic fyrir framleiðslu á Bandaríkjamarkaði og sagði Jón að erfitt hefði verið að gera upp á milli skipanna en íslenskir frystitogarar væru að framleiða vöru í afar háum gæðaflokki. Auk Júlí-



Áhöfnin á Júlíusi ásamt Jóni Jóhannessyni fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum.

usar hlutu Arnar HU frá Skagaströnd, Kleifaberg ÓA frá Ólafsfirði og Sléttbakur EA frá Akureyri viðurkenningu í

þessum flokki. Áhöfnin á Júlíusi hefur áður hlotið viðurkenningar fyrir framleiðslu sína bæði á Bretlands- og

Bandaríkjamarkaði.

Á meðfylgjandi mynd sést Gunnar Arnórsson skipstjóri með viðurkenningarskjöldinn

ásamt Jóni Jóhannessyni fulltrúa Icelandic og áhöfn skipsins.

– kristinn@bb.is

SAMKAUP
af gæðum og bestu

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21


Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP
af gæðum og bestu

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allt í einu og öllu

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is

Ritstjóri nefutáfu:

Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirlitadur aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarfjöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukort.

Bæjarstjóri segir vilja hjá Ísafjarð- arbæ til að vinna með fyrirtækinu



Sushiverksmiðjan Sindra-
berg ehf., á Ísafirði á í miklum
rekstrarerfiðleikum um þessar
mundir og hefur framkvæmda-
stjóri fyrirtækisins, Elías Jóna-
tansson, ritað bæjaryfirvöld-
um trúnaðarindi þar sem
greint er frá stöðu fyrirtækisins
og þeim möguleikum sem eru
í stöðunni til að styrkja rekstur-
inn. Elías segir að unnið að
því að fá nýtt fé inn í fyrirtækið
til að styrkja fjárhagsstöðu
þess. Sífellt sé verið að skipu-
leggja rekstur fyrirtækisins
betur á öllum vígstöðvum.
Hann segist vonast til að línur
skýrist á næstunni en á þessari
stundu hafi ekkert komið upp
sem bendi til annars en það
takist að styrkja félagið.

Halldór Halldórsson, bæjar-
stjóri Ísafjarðarbæjar, segir
vilja hjá bæjarfélaginu til að
vinna með sushiverksmiðjunni
Sindrabergi á Ísafirði eins og
öðrum fyrirtækjum í sveitar-
félaginu. Hann vildi ekki tjá
sig efnislega um erindið og
sagði aðspurður um afstöðu

Sushiverksmiðjan Sindraberg ehf., á Ísafirði.

bæjarins að hún lægi ekki fyrir.
„Mér var falið að fara yfir er-
indið með bæjarlögfræðingi
og það er ekki búið. Þannig
liggur engin niðurstaða fyrir
enda er þetta flókið mál“, sagði
Halldór.

Hjá Sindrabergi starfa um

20 manns. Aðspurður um
hvort hann hafi áhyggjur af
framtidarhorfum fyrirtækisins
sagði Halldór ekki geta spáð
fyrir um framtíð Sindrabergs
frekar en annarra atvinnurek-
enda í bænum. „Þeir eru að
endurskipuleggja sig og hafa

ákveðna sýn á framtíðina en
atvinnurekstur er náttúrulega
alltaf baráttu. Þetta fyrirtæki
er alveg sér á parti og í raun
algjör frumherji. Þannig hljóta
menn að hafa gert sér grein
fyrir að slíkum rekstri fylgdi
töluverð áhætta. Mér finnst

vera hjartsýni yfir mönnum
og að þeir trúi á endurskipu-
lagninguna. Ég ætla að þeir
séu raunsær og trúi því á fyr-
irtækið líka“, sagði Halldór
Halldórsson, bæjarstjóri Ísa-
fjarðarbæjar.

– kristinn@bb.is

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir yfirstandandi ár

Útgjöld hækka um 117 milljónir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
hefur samþykkt tillögu bæjar-
ráðs um endurskoðun rekstrar-
og fjárfestingarliða fjárhags-
áætlunar yfirstandandi árs.
Bæði er um að ræða hækku á
tekjum og gjöldum í heild og
er niðurstaðan sú að útgjöld
fjárhagsáætlunarinnar hækka
um rúmar 117 milljónir króna.
Afkoma ársins er því áætluð
neikvæð um 196 milljónir
króna. Af helstu breytingum
má nefna að skatttekjur eru

áætlaðar 37 milljónum króna
hærri en í upphafi og ræður
þar mestu hækkaðar útsvars-
tekjur og hækku framlags úr
Jöfnunarsjóði að sögn Hall-
dórs Halldórssonar bæjar-
stjóra.

Framlög til nokkurra gjald-
aliða lækka nú við endurskoð-
un fjárhagsáætlunar. Framlög
til atvinnumála lækka um 18
milljónir þar sem 20 milljón
króna framlag til styrktar
mjólkurframleiðslu er tekið út

og var afgreitt sérstaklega á
fundi bæjarstjórnar á fimmtu-
dag. Framlög til hafnarfram-
kvæmda eru áætluð tæpum 16
milljónum minni en í upphafi
og framlög til fráveitna verða
tæpum tólf milljónum króna
lægri en áður var ákveðið.

Framlög til æskulýðs- og
íþróttamála eru hækkuð um
tæpar 72 milljónir króna og
ræður þar mestu framkvæmdir
við íþróttasvæðið á Torfnesi.
Til umferðar- og samgöngu-

mála er veitt tæpum 29 millj-
ónum króna meira og vegur
þar þyngst að framkvæmdir
við nýtt íbúðarhverfi við
Tungu voru ekki á fjárhags-
áætlun auk þess sem vegar-
lagning inn í Tunguskóg varð
mun dýrari en áætlað var. Til
fræðslu og uppeldismála er
varið rúnum 32 milljónum
meira en áætlað var. Þar ræður
mestu að sögn Halldórs mikil
hækkun launa og launatengdra
gjalda í skólakerfinu. Til

eignasjóðs er aukið framlag
um rúmar 20 milljónir króna
og er þar um meira viðhald og
framkvæmdir við fasteignir en
áætlað hafði verið og framlag
til húsnæðisnefndar er aukið
um rúmar 13 milljónir króna.

Samkvæmt endurskoðaðri
fjárhagsáætlun er því áætlað
að afkoma bæjarsjóðs Ísafjarð-
arbæjar verði neikvæð um 196
milljónir í stað tæpra 79 millj-
óna króna.

– hj@bb.is

RITSTJÓRNARGREIN

Dagblöð Faxaflóasvæðisins

Hræringarnar í kjölfar gjaldþrots DV og síðan upprisú í skjóli Fréttablaðsins hafa leitt til umræðu um hvort æskilegt sé að umsvifamiklir athafnamenn á sviði verslunar og viðskipta séu jafnframt með puttana á slagæðum fjölmiðla, sem óumdeilt hafa því hlutverki að gegna að halda uppi sjálfsagðri og eðlilegri gagnrýni í samfélaginu á hverjum tíma. Greinilegt er að ýmsir óttast samþjöppunina sem opinberast meðal annars í flennistórum auglýsingum verslanakeðja í fjölmiðlum, í eigu sömu aðila. Og menn spyrja: Hvað næst? Meira að segja Morgunblaðinu, blaði allra landsmanna, þykir nóg um og hefur uppi efasemdir, þótt ýmsum þykir þær hjáróma.

Um árábil hefur landsbyggðafólk getað valið milli tveggja dagblaða, hafi hugur staðið til þess, Morgunblaðsins og DV. Í þeim efnum hefur nú saxast á, líkt og limina hjá Birni bónda forðum. Við brothvarf DV er Morgunblaðið eina dagblaðið sem við Vestfirðingar getum treyst á að fá til aflestrar. Ef til vill nægir það mörgum og eflaust heldur lífið sínum vanagangi þrátt fyrir brothvarf DV, líkt og í sveitinni á árum áður, þegar Ísafold og Vörður hættu að koma með mjólkurbílnum.

Meðan DV var og hét átti það tryggja lesendur hér vestra og var borið heim til

áskrifenda fljótt og vel dag hvern eftir flug. En nú bregður birtu. Eftir upplýsingum sem BB hefur er ætlunin að áskrifendur DV-sáluga á Ísafirði verði sjálfkrafa áskrifendur að hinu endurlífgaða blaði. Það sé þeirra að afþakka blaðið, kjósi þeir svo. Látum gott heita. En, það hangir fleira á spýtnu. Gömlu tryggu áskrifendunum er ætlað að bíða eftir nýja blaðinu þar til í ljós kemur hvort einhver fæst til að dreifa því um bæinn! Þangað til svo tekst til: Ekkert DV. Bara Mogginn.

Fréttablaðið hefur haslað sér völl á Faxaflóasvæðinu með afgerandi hætti. Hafi blaðið átt að feta í fótspor „blaðs allra landsmanna“ hefur flugið fatast heldur betur hvað varðar dreifingu á landsbyggðinni. Eintakafjöldinn sem berst Ísfirðingum skerðir ekki upplagið svo nemi. Sé hinu endurreista DV ætluð sama fjárgatan að feta sig á, er alferasælast að útgefendur blaðanna geri íbúum landsbyggðarinnar ljóst að blöðin séu dagblöð fyrir íbúa Faxaflóasvæðisins. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Þá vita menn það bara.

Standi vilji þeirra til annars verða þeir að taka til hendinni.

s.h.

Allt að 53% verðmunur milli sveitarfélaga á Vestfjörðum

Leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ eru næst hæst á landinu. Aðeins Skeiða- og Gnúpverjahreppur er með hærri leikskólagjöld. Fæðiskostnaður er einnig hæstur í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt árbók sveitarfélaga sem er nýkomin út eru leikskólagjöld fyrir átta tíma vistun í Ísafjarðarbæ 22.080 kr. fyrir hvert barn. Til samanburðar má nefna að sambærilegt gjald er í Bolungarvík 20.600 kr., Súðavík 18.400 kr., Reykhólahreppi 17.500 kr., Tálknafirði 15.680 kr., Vesturbyggð 15.000 kr. og Hólmavík 14.400 kr. Samkvæmt þessum tölum er 8 tíma dvöl í leikskóla í Ísafjarðarbæ 7-53% dýrari þar en í öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Ef tekið er mið af sveitarfélögum af svipaðri stærð og Ísafjarðarbær má nefna að 8 tíma dvöl kostar 15.902 kr. í Fjarðarbyggð, á Akranesi 15.952 kr. og í Skagafirði kostar dvöl 17.648 kr. og eru því dagvistargjöld í Ísafjarðarbæ 25-39% hærri en í þessum sveitarfélögum.

Í flestum leikskólum er boðið uppá hressingu og fæði

í hádegi. Í Ísafjarðarbæ kostar hressing 1.945 kr. og hádegisverður 2.990 kr. á mánuði. Kostnaðurinn er svipaður í Bolungarvík en mun lægri annarsstaðar á Vestfjörðum. Verð í Ísafjarðarbæ er þar 29-100% herra.

Þegar horft er til áðurnefndra sveitarfélaga annarsstaðar á landinu kemur í ljós að verð fyrir fæði og hressingu þar er einnig lægra en í Ísafjarðarbæ.

Ef borin eru saman leikskólagjöld án fæðis og hressingargjalds á landinu öllu kemur í ljós að íbúar Skeiða og Gnúpverjahrepps greiða hæstu gjöldin. Þar er gjald fyrir 8 tíma dvöl á leikskóla 24.000 kr. á mánuði. Næst á eftir kemur Ísafjarðarbær með 22.080 kr. eins og áður sagði. Í nokkrum sveitarfélögum m.a. Reykjavík er hressing innifalin í gjaldi og til þess að gjöld séu samanburðarhæf hafa hressingar og fæðisgjöld verið dregin frá. Hæst er greitt fyrir hádegisverð í Bláskógabyggð eða 4.594 kr. en fyrir hressingu er hæst greitt í Ísafjarðarbæ 1.945 kr. á mánuði.

Þegar heilsdagsgjöld eru

borin saman þ.e.a.s. morgunhressing, hádegismatur og síðdegishressing kostar 8 tíma dvöl í leikskólum Ísafjarðarbæjar 28.960 kr., í Bolungarvík kostar slík dvöl 27.390 kr., í Reykhólahreppi 17.680 kr., í Vesturbyggð 19.320 kr., í Súðavík 23.200 og á Hólmavík 18.900 kr. Sambærilegar tölur eru á Akranesi 21.527 kr., í Skagafirði 22.838 kr. og í Fjarðabyggð 21.252 kr. Samkvæmt þessum tölum munar 92.496 krónum á tólf mánaða dvöl í leikskóla í Ísafjarðarbæ og Fjarðabyggð. Venjulegur launþegi er því meira en einum mánuði lengur að vinna fyrir ársdvöl eins í Ísafjarðarbæ en í Fjarðabyggð.

Þrátt fyrir að innheimt séu leiksskólagjöld fer því fjarri að þau standi undir þeim kostnaði sem fylgir rekstri leikskóla. Tekjur Ísafjarðarbæjar af leiksskólagjöldum á síðasta ári dugðu aðeins til þess að greiða 31,6% af kostnaði við rekstur leikskólanna samkvæmt ársreikningi bæjarins. Í Vesturbyggð eru tekjur um 20% af gjöldum, í Súðavík 24%, á Hólmavík 21,7%, Bol-

ungarvík 29,6 % Sambærileg tala í Fjarðabyggð er einungis um 24% af kostnaði, á Akranesi er talan 26,8%, í Skagafirði 30,5% og í Reykjavík er talan 30,1%. Í samanburði við þessi sveitarfélög greiðir Ísafjarðarbær leiksskólagjöld minnst niður.



Misjafnt er milli sveitarfélaga hvenær gjaldskrár eru endurskoðaðar. Hjá Ísafjarðarbæ er gjaldskrá leikskóla tengd við neysluverðsvísitölu og tekur því breytingum á þriggja mánaða fresti. Hjá sumum sveitarfélögum er gjaldskrá aðeins endurskoðuð einu sinni

á ári.

Í þessari umfjöllun eru aðeins borin saman þau gjöld sem sveitarfélögin innheimta fyrir þessa þjónustu. Það skal áréttað að enginn samburður er gerður á leikskólunum að öðru leyti né þeirri starfsemi sem þar fer fram. – hj@bb.is

Þingsályktunartillaga um háskóla á Ísafirði lögð fram

Lagt til að kennsla hefjist haustið 2005

Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins lagði á mánudag fram þingsályktunartillögu um stofnun háskóla á Ísafirði þar sem m.a. er gert ráð fyrir að skólinn taki til starfa haustið 2005. Meðflutningsmenn Kristins eru þingmennirnir Gunnar I. Birgisson Sjálfstæðisflokki og Magnús Stefánsson Framsóknar-

flokki. Tillaga þremmenninganna er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Skólinn verði á Ísafirði og starfi samkvæmt lögum um háskóla. Sérhæft námsframboð skólans mótist af sérstöðu svæðisins með tilliti til umhverfismála, ferðamála, sjávarútvegs og tón-

listarlífs, en í upphafi verði lögð áhersla á almennar undirbúningar, svo sem fræðileg vinnubrögð, sálfræði, siðfræði og tölfraði.

Horft verði til samstarfs við aðra háskóla og þannig stuðlað að fjölbreyttu námsframboði. Rektor verði ráðinn til starfa á næsta ári til undirbúnings kennslu sem hefjist haustið 2005.

Pósturinn flytur í Neista Hafnarstræti 9-13



Föstudaginn 21. nóvember flytur Pósturinn í Neista, Hafnarstræti 9-13.

Afgreiðslutími er frá kl. 09:00-16:30 alla virka daga.

Hlökkum til að sjá þig!

Þjónustuver sími 590 1200
Netfang: postur@postur.is


PÓSTURINN
-með kveðju!



Aðdáendur Írafárs sungu með úti í sal.

Glæsilegir tónleikar Írafárs í Hnífsdal

Hin vinsæla hljómsveit Írafár með söngkonuna Birgittu Haukdal í fararbroddi og ísfirski bassaleikarann Sigurð Samúelsson innanborðs hélt tónleika í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Flutt voru lög af nýjustu plötu þeirra „Nýju upphafi“ auk valinna eldri laga. Tónleikarnir þóttu afar glæsilegir en Írafár lagði mikið upp úr bæði

hljómi og umgjörð. Má því til staðfestingar nefna að hljómsveitin flutti með sér um fjögur tonn af hljómtækjum auk ljósabúnaðar og reykvéla. Um 100 manns sóttu tónleikana og skemmtu sér konunglega. Stemmningin í salnum var geysigóð og greinilegt að tónleikagestir kunnu vel að meta flutning sveitarinnar. Fyrir um daginn hafði Írafár áritað

plaggöt í verslunarmiðstöðinni Neista á Ísafirði. Hálsa var á vegum og kom rúta sveitarinnar því nokkuð seinna til Ísafjarðar en gert var ráð fyrir. Mikill fjöldi ungmenna hafði safnast saman og beðið biðröð eftir poppurunum. Vegna seinkunarinnar féllu niður tónleikar sveitarinnar sem fyrirhugaðir voru í Sílabúðinni á Ísafirði þá um daginn.

Tónleikarnir í Hnífsdal eru þeir fyrstu á tónleikaferðalagi hljómsveitarinnar um landið. Halldór Sveinbjörnsson var í félagsheimilinu í Hnífsdal og tók meðfylgjandi svipmyndir.

– kristinn@bb.is

Vignir og Birgitta í ham á sviðinu í Hnífsdal. Hljómsveitin Írafár flutti með sér um fjögur tonn af hljómtækjum auk ljósabúnaðar.



Sigurður Samúelsson leikur af innlifun.



Nú er rétti tíminn

Gravity Zero stillanleg rúm með nuddi á jólatilboði. Með hverju hjónarúmi fylgir 21" Sony viðóma sjónvarp



Sama verð og í Reykjavík

Tempur heilsukoddar margar gerðir. Sængur, sængurverasett, lök og dýnuhlifar. Mikið úrval.



Vorum að fá mikið af fallegum borðstofuborðum, sjónvarpsskápum og skenkum úr ljósri eik og mango.



HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4568 • SKEDDI 1 • 400 ÍSAFJÖRDUR

Verið að gera úlfalda úr mýflugu

Ágreiningur er á milli meiri- og minnihluta bæjarstjórnar Bolungarvíkur um hvaða tekjuviðmið skuli vera vegna fyrirhugaðrar gjaldtöku af viðskiptavinum heimaþjónustu á vegum bæjarins. Bolungarvíkurkaupstaður hefur um nokkurra ára skeið rekið heimaþjónustu sem er ætluð að gera fólki kleift að búa á eigin heimili þrátt fyrir að erfiðleikar stöðji að, svo sem vegna veikinda, álags, fötlunar eða fjölskylduadstæðna eins og segir í reglum um heimaþjónustu bæjarins.

Ekki hefur verið innheimt gjald fyrir þjónustuna til þessa, þrátt fyrir að gjaldskrá þar að lútandi hafi verið fyrir hendi. Nú mun hinsvegar ætlunin að hefja gjaldtöku fyrir þjónustuna. Félagsmálaráð Bolungarvíkur samþykkti á fundi fyrir nokkru tillögu að reglum og gjaldskrá fyrir þjónustuna. Þar er gert ráð fyrir þrepaskiptu gjaldi þannig að þeir sem hafa lægri tekjur en 150 þúsund krónur á mánuði séu gjaldfrír en einstaklingar sem hafa tekjur á bilinu 150-200 þúsund krónur á mánuði greiði 200

– segir Sölvi Sólbergsson, formaður bæjarráðs

krónur fyrir hverja klukkustund. Þá er gert ráð fyrir að einstaklingar sem hafa 201-300 þúsund krónur á mánuði greiði 400 krónur á klukkustund og þeir sem hafa tekjur fyrir ofan 300 þúsund krónur á mánuði greiði 600 krónur fyrir hverja klukkustund í veittri þjónustu.

Á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur í síðustu viku voru tillögur félagsmálaráðs til umfjöllunar og lagði þá Sölvi Sólbergsson formaður bæjarráðs til, að tekjumörkin yrðu miðuð

við óskerta tekjutryggingu almennatrygginga sem í dag geta hæst orðið 96 þúsund krónur en ekki 150 þúsund eins og félagsmálaráð lagði til.

Bergur Karlsson fulltrúi minnihlutans í bæjarráði lét bóka að hann væri alfarið á móti tillögu formannsins og vísaði til tillögu félagsmálaráðs.

Í samtali við blaðið sagði Bergur að hann teldi eðlilegt að treysta mati fagnefndar sem

í þessu tilfelli væri félagsmálaráð. „Ef að við förum ekki eftir tillögum þessa fólks sem við höfum falið að fjalla um málaflökinn til hvers erum við þá að kjósa svona nefndir,“ sagði Bergur og bætti því við að einnig hefði tillaga meirihlutans í för með sér aukinn kostnað fyrir fólk sem hefði mjög lítið milli handanna.

„Þessar upphæðir muna engu fyrir bæinn en töluverðu fyrir þá sem þurfa að nýta sér þessa félagslegu þjónustu“ sagði Bergur.

Sölvi Sólbergsson formaður

bæjarráðs Bolungarvíkur segir að tillögur félagsmálaráðs séu alltof flóknar í framkvæmd. Með þeim sé verið að setja á fót flókið kerfi sem fari yfir tekjur og skattframtöl einstaklinga. Gjaldskrá sú sem hann lagði til sé mjög lág og ekki í neinu samræmi við þann kostnað sem af þessari þjónustu hlýst fyrir bæjarfélagið. Því sé minnihlutinn að gera úlfalda úr mýflugu.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag og að loknum umræðum var málinu frestað. –hj@bb.is



Ólína Þorvarðardóttir og Jóhannes Bjarni Guðmundsson.

Menntaskólinn á Ísafirði

Hollvætturinn Jóhannes Bjarni heimsótti nemendur

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, flugmaður og fréttamaður heimsótti nemendur Menntaskólans á Ísafirði í síðustu viku. Um var að ræða svokallaða hollvættaheimsókn en hollvættir Menntaskólans eru félagskapur fyrirverandi nemenda skólans. Undanfarna tvo vet-

ur hafa samtökin gengist fyrir heimsóknum fyrirverandi nemenda sem hafa frætt menntskælinga um störf sín, framhaldsmenntun og ýmsa iðju. Jóhannes Bjarni sýndi litskyggnur úr starfi sínu við óskipta athygli nemenda í fyrirlestrarsal skólans. Spurðu þau margs á eftir og

tóku hann tali að fyrirlestri loknum. „Við spjölluðum aðeins um lífið og tilveruna en síðan fékk maður kaffi á kennarskrifstofunnu. Mér fannst virkilega gaman að koma aftur í gamla skólann“, sagði Jóhannes Bjarni. Í fyrra héldu Margrét Oddsdóttir, skurðlæknir, og Elísa

bet Gunnarsdóttir, arkitekt, erindi fyrir nemendur við góðar undirtektir. Að sögn Ólínu Þorvarðardóttur skóla-meistara hafa hollvættaheimsóknir mælst vel fyrir í skólanum og kveðst hún vona að þeim verði áfram haldið næstu ár.

– kristinn@bb.is

Atvinnulausum á Vestfjörðum

Fjölgaði um fjórtán í október

Samtals voru níutíu og einn að meðaltali án atvinnu á Vestfjörðum í október og hafði fjölgað um fjórtán frá því í september. Konur eru mun fleiri atvinnulausar eða 70 en karlar án atvinnu voru 21. Mest var atvinnuleysið á Ísafirði en þar voru 36 án atvinnu þar af 29 konur, í Bolungarvík voru 17 án atvinnu þar af 11 konur, á Patr-

eksfirði voru 13 án atvinnu þar af 9 karlar og á Bíldudal voru 11 án atvinnu.

Að sögn Guðrúnar Stells Gissurardóttur hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða má rekja fjölgun atvinnulausra í október m.a. til þess að einn bátur var seldur frá Patr-eksfirði og fiskverkun í Bolungarvík sagði upp öllu starfsfólki.

– hj@bb.is

Vestfjarðamótið í tvímenningi

Arnar Geir og Kristján Haraldsson meistarar

Arnar Geir Hinriksson og Kristján Haraldsson urðu meistarar í tvímenningi í bridge á Vestfjarðamóti sem lauk í síðustu viku. Í 2. sæti

urðu þeir Jóhann Ævarsson og Kristinn Kristjánsson með 427 stig og í 3. sæti urðu Böðvar Þórisson og Guðmundur Þorkelsson.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Leiguhúsnæði

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum óskar að taka á leigu 200m-250m² húsnæði undir Hæfingarstöð fyrir fatlaða, í miðbæ Ísafjarðar (á Eyrinni). Leigutími er frá miðju ári 2004.

Húsnæðið þarf að uppfylla skilyrði um gott aðgengi fyrir fatlaða. Einnig þarf að vera gott aðgengi að húsinu vegna dósa-móttökunnar.

Tilboðum skal skilað til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, fyrir 15. desember 2003.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 5224.

Héraðssamband Vestfirðinga

Hyggst verja andvirði Skíðheima til uppbyggingar skíðasvæða

Á formannafundi í Héraðssambandi Vestfirðinga sem haldinn var í síðustu viku var samþykkt að verja fé því sem fæst frá Ofanflóðasjóði vegna uppkaupa skíðaskálans Skíðheima á Seljalandsdal til uppbyggingar skíðasvæðanna á

Seljalandsdal og í Tungudal. Formannafundurinn samþykkti jafnframt að afhenda féð Skíðafélagi Ísafjarðar til ráðstöfunar „gegn framvísun áætlunar um ráðstöfun þeirra og skýrslu um framkvæmdir og fjárhagslegt uppgjör“ eins

og segir í ályktun fundarins. Eins og greint hefur verið frá samþykkti Umhverfissráðuneytið í sumar tillögu Ísafjarðarbæjar um að verja fé sem ætlað var til nýrrar raflagnar í Skíðheima til að kaupa húsið og rífa.

Skíðaskálinn Skíðheimar var reistur á 6. áratug síðustu aldar. Svískiðaiðkun fluttist alfarið yfir í Tungudal þegar lyftumannvirki á Seljalandsdal eyðilögðust í snjóflóði öðru sinni á áratugnum í mars árið 1999.

– kristinn@bb.is



Arnheiður Steinþórsdóttir ásamt Kjartani Bjargmundssyni og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur.

Kvikmyndagerðarmenn frá Zik Zak að störfum á Arnarnesi í Dýrafirði

Tökum lokið á myndinni „Síðasti bærinn í dalnum“

Kvikmyndagerðarmenn frá kvikmyndafyrirtækinu Zik Zak í Reykjavík sem m.a. framleiddi myndina um Nóa albínóa, voru við tökum á stuttmyndinni „Síðasti bærinn í dalnum“ á Arnarnesi í Dýrafirði í síðustu viku og var síðasti tökdagur á föstudag.

Skúli Malmquist, framleiðandi myndarinnar, segir hana tekna upp á 35mm filmu og

því sé um „alvöru“ verkefni að ræða. Tökur stóðu yfir í fimm daga og var myndin að lang mestu leyti tekin á Arnarnesi en einnig á Þingeyri og í Önundarfirði. Aðspurður um hvenær myndin verði sýnd segir Skúli það ekki liggja fyrir.

„Við erum einnig að framleiða kvikmyndina Niceland í leikstjórn Friðriks Þórs Frið-

rikssonar og hugsanlega sýnum við Síðasta bæinn með henni, annars er það óákveðið. Handritið er það gott og myndin það vönduð að hún ætti að geta gert það gott á kvikmyndahátíðum erlendis og þannig aukið hróður leikstjórans“, segir Skúli.

Inntur eftir gangi mála við tökurnar segir hann verkið hafa tekist vel en hópurinn hafi

verið afar heppinn með veður. „Við vorum í mjög góðum höndum hjá Jónu og Helga á Alviðru og fengum alla þjónustu þar, bæði mat og gistingu. Meira að segja komumst við í gullin hjá Helga sem lánaði okkur ýmsa muni til að nota í myndinni. Við báðum Jónu um að ætteleiða okkur en hún vildi ekki fallast á það, reyndar lofaði hún að hugsa málið“.

Stærsta hlutverkið í myndinni er í höndum Jóns Sigurbjörnssonar, söngvara, leikara og hestamanns, en með önnur aðalhlutverk fara Sigurður Skúlason, Kjartan Bjargmundsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Að auki kemur ung stúlka frá Flateyri, Arnheiður Steinþórsdóttir, fyrir í myndinni. Leikstjóri er Rúnar Rúnarsson.

Fjöldmargir koma að gerð myndarinnar, m.a. Ragnar Á. Kristinsson hjá Gámaþjónustu Vestfjarða sem sá um að keyra á flutningabíl sínum með meðvagn í eftirdragi sem kvikmyndafólki notaði til að taka akstursatriði. Páll Önundarson tók meðfylgjandi myndir þegar kvikmyndatökumennirnir athöfnuðu sig í Önundarfirði.

– kristinn@bb.is



Rúnar Rúnarsson stýrir tökum aftan á bíl Gámaþjónustunnar á fullri ferð.



Arnheiður Steinþórsdóttir nærir sig á milli atriða.



Ólafía Hrönn aðstoðuð við að koma niður úr bílnum.



Stund milli stríða á tökustað.

Vetrarfatnaður í miklu úrvali

Hafnarbúðin
Sími 456 3245

Á aðventunni

Bæjarins besta

Í byrjun desember mun Bæjarins besta gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt aðventu og jólum

Þeir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu

Upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560

250,- kr. tilboð frá USA
- Meðan birgðir endast!



659,-

Norðlenska lambalæri



99,-

Óttur braud



149,-

Rauðagull ítt



459,-

Vanillustangi



199,-

Konsul nutusékkula



298,-

Avocatstangi

SAMKAUP

—gæði og faglegur—

Netversló Samkaups er: www.samkaup.is

Hafnarstræti 9-13 Ísafirði • Sími 456 5466

Lenti í árekstri við kaffi-hlaðborð



Nafn: Gísli Halldór Halldórsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 15. okt. 1966.

Atvinna: Verslunarstjóri í Straumi.

Fjölskylda: Eiginkonan heitir Gerður Eðvarsdóttir og við eigum börnin Erling Fannar, Katrínu Maríu og Tómas Ara.

Helstu áhugamál: Skotveiði, rækt líkama og hugar og góðar kvikmyndir í almennilegum hjómbúðir.

Bífreið: Mercedes Benz 300 4matic.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Mercedes Benz 300 4matic.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Vísindamaður.

Uppáhalds matur? Matur almennt er alveg í sérstöku upphaldi hjá mér, en fátt veit ég betra en hrefnukjöt í raspi með rabbabarasultu, baunum og rauðkáli og soðnum kartöflum.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Fiskikökurnar sem ég bjó til nýlega í tilraunaskyni og innihéldu m.a. gulrætur, sem eru eitthvað það versta sem ég hef fengið, sennilega verri en kjúklingabitarir sem ég keypti á Akureyri nýlega. Eintómt selleri er líka fjandi vont.

Uppáhalds drykkur? Ég drekk kaffi af mikilli ánægju og hef gert frá eins árs aldri, en Ungfrú Ísafjörður í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað er svo langbestur drykkja að enginn annar sem ég hef fengið skorar nema helming á við hann.

Uppáhalds tónlist? Ég er mikið fyrir kraftmikla dans-tónlist, bæði rokk og vinsældapopp. Ef ég ætti að nefna ákveðinn flytjanda myndi ég kannski nefna Clash frekar en Kate Bush.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? KFÍ.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Góðir fræðsluþættir og auðvitað Star Trek.

Uppáhalds vefsíða? bb.is stendur þar við hlið Moggans hjá mér.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Rómeó og Júlía með Leonardo DiCaprio er ein sú besta. Fíllamaðurinn, Highlander, Sever, Event Horizon og Matrix voru allar mjög áhrifamiklar, hver á sínum tíma. **Fallegasti staður hérlendis?** Arnarfjörður og Dynjandisheiði.

Fallegasti staður erlendis? Ég get ímyndað mér að það sé Ayers Rock í Ástralíu við sólsetur, en ég hef ekki séð fyrirbærið.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei. Og mér finnst alveg ferlegt að fólk skuli ekki vilja kaupa fallegt hnífasett til gjada, vegna hjátrúa, því það spælir yfirleitt ekki í þau sjálfu sér til handar heldur.

Uppáhalds heimilistækni? Uppþvottavélín sem konan hvatti mig til að kaupa, þó ég þumbaðist við í fyrstu og þættist ekki of góður til að vaska upp í höndum.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að veiða með byssu, horfa á góða mynd, lesa Harry Potter fyrir börnin, sækja velheppnaðan mannfagnað eða jafnvel fjóruga körfuboltaeik. Það er lengi hægt að halda áfram, þetta er allt svo skemmtilegt.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Það fer mest í taugarnar á mér þegar eitthvað fer í taugarnar á mér eða öðru fólki. Mér finnst að það sé oftast skortur á umburðarlyndi.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Mér líður eiginlega alltaf svo vel. En ef mér líði illa og vildi gera eitthvað í því, þá held ég að ég færi í göngutúr.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Ekki ákveðið. En ég stefni að því að koma mér upp slíkum draumi.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar ég var u.þ.b. 10 ára var ég á skíðum á Seljalandsdal og var að góna upp í loftið á svifdrekaflugmann. Þegar ég svo lít niður og fram fyrir mig, er árekstur við glæsilegt kaffihlaðborð nokkurra góðra Ísfríðinga óumflýjanlegur. Ég rann beint yfir krásirnar og þótti bara nokkuð vandræðalegt.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ef ég gæti í krafti embættis, þá léti ég malbika göturnar, skipta út öllum gömlu ljótu gangstéttunum og borga með hverjum íbúa ákveðna upp-hæð árlega í heilsurækt sem viðurkennd væri af bæjarfélaginu.

Lífsmottó? Að vita meira í dag en í gær.

Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur í Grunnskóla Ísafjarðar

Átján nemendur verð-launaðir fyrir sögur og ljóð

Á föstudag var haldið upp á Dag íslenskrar tungu í Grunnskólanum á Ísafirði. Voru m.a. tilkynnt úrslit í smásagna- og ljóðasamkeppni skólans og fengu átján nemendur viðurkenningar. Veittar voru tvær viðurkenningar í hverjum árgangi frá öðrum og upp í tíunda bekk, ein fyrir ljóð og önnur fyrir sögu.

Herdís Hübner, kennari segir að þó hafi tvær sögur verið verðlaunaðar í 2. bekk og engin í 8. bekk en það sé vegna þess að unglingarnir séu meira fyrir að skrifa ljóð en sögur. Þáttaka þeirra hafi verið mun betri en undanfarin ár og þáttaka yngri barnanna hafi verið um 100% eins og verið hefur.

Verðlaunaverkin og úrval af því besta úr öllum árgöngum verður gefið út á bók sem verður seld í Bókhöðunni fyrir jólin líkt og síðustu ár. Bókin seldist upp í fyrra en ágóðinn fer til að kaupa verðlaun fyrir keppnina á næsta ári. „Þannig er þetta orðin sjálfbær keppni, eins og nú er í tísku að segja, eða næstum því“, sagði Herdís en keppnin naut tilstyrks Íslandsbanka og Sparisjóðs Vestfirðinga.

Hér á eftir fer listi yfir sigurvegara í keppninni og sigurljóðið í tíunda bekk eftir Örn Dálros Guðjónsdóttur.

Saga í 2. bekk: Haraldur Jóhann Hannesson, 2.R.

Saga í 2. bekk: Elena Dís Víðisdóttir, 2.H.



Sigurvegara í fimmta til sjöunda bekk. Á myndina vantar Báru Bjarnadóttur.

Ljóð í 2. bekk: Sólveig María Aspelund, 2.H.

Saga í 3. bekk: Víðir Kári Vignisson, 3.I.

Ljóð í 3. bekk: Hildur Hálf-dánardóttir, 3.H.

Saga í 4. bekk: Tómas Helgi Svavarsson, 4.H.

Ljóð í 4. bekk: Rakel Ástrós Heiðarsdóttir, 4. H.

Saga í 5. bekk: Snorri Sigbjörn Jónsson, 5.B.

Ljóð í 5. bekk: Anton Sig-

urður Halldórsson, 5.M.

Saga í 6. bekk: Ragney Líf Stefánsdóttir, 6.B.

Ljóð í 6. bekk: María Sigríður Halldórsdóttir, 6.B.

Saga í 7. bekk: Hjörtur Ólafsson, 7.HG.

Ljóð í 7. bekk: Báru Bjarnadóttir, 7.HS.

Ljóð í 8. bekk: Nína Guðrún Geirsdóttir, 8.A.

Saga í 9. bekk: Magni Þór Konráðsson 9.R.

Ljóð í 9. bekk: Ármann Har-

aldsson, 9. G.

Saga í 10. bekk: Kristín Ósk Jónsdóttir, 10.G.

Ljóð í 10. bekk: Arna Dalrós Guðjónsdóttir, 10. G.

Á meðfylgjandi mynd sjást sigurvegara í 5.-7. bekk, þau Snorra Sigbjörn Jónsson 5-B, Anton Sigurð Halldórsson 5-M, Hjört Ólafsson 7-HG, Ragney Líf Stefánsdóttir 6-B og Maríu Sigríði Halldórsdóttir 6-B. Á myndina vantar Báru Bjarnadóttur í 7-HS.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur

Vill flýta Stranddalaleið

Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkti á föstudag áskorun þess efnis að vegarlagningu um Arnkötludal og Gautsdal verði flýtt. Tillagan kemur í framhaldi af boði Leiðar ehf. um að koma að fjármögnun frekari framkvæmda við þá hugsanlegu vegarlagningu.

„Bæjarstjórn Bolungarvíkur fagnar áhuga Leiðar ehf. á að flýta undirbúningi veglagningar um Arnkötludal og Gautsdal.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur ítrekar fyrri ályktun sína varðandi veg um Arnkötludal og Gautsdal frá 13. febrúar s.l. og hvetur enn fremur til þess að ákvörðun um þá leið verði tekin sem fyrst þannig að hægt sé að setja framkvæmdina í umhverfismat strax á árinu 2004 og framkvæmdir geti hafist um áramót 2004 – 2005.“ segir í tillögunni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

– hj@bb.is

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

Töluverð aflaaukning frá síðasta ári

Alls var 5.588 tonnum af sjávarfangi landað á Vestfjörðum í október sem er um 17% aukning miðað við sama mánuð á síðasta ári. Þar munar mest um aukningu í þorskafla. Þorskafl í október í ár var samtals 3.012 tonn en var í fyrra 2.243 tonn. Fyrstu tíu mánuði ársins hefur verið landað á Vestfjörðum 55.255 tonnum af sjávarfangi en á síðasta ári var landað 73.921 tonni. Af helstu fisktegundum má nefna að samdráttur varð einnig milli ára í þorski, grálúðu og rækju en aukning í ýsu, ufsa, karfa, steinbít og skarkola. –hj@bb.is

Hermann Österby sýnir í EG-húsinu í Víkinni

Hermann Österby hefur opnað sýningu á akrýlmyndum í verslunarmiðstöð Bolvíkinga í E.G. húsinu. Hermann segist vera sjálfleður listamaður en hann hefur málað og haft yndi af myndlist frá barnsaldri. Verkin á sýningunni eru unnin þessu ári og því síðasta. Aðspurður um viðfangsefni myndanna segist Hermann vera að leika sér með form. „Í flestum myndunum er ég að blanda saman þremur til fjórum formum en sums staðar nota ég bara einn hlut“, sagði Hermann. Sýningin er opin á opnunartíma verslana í húsinu fram í desember. – kristinn@bb.is

Hætta ber félagslegri áfallahjálpi í byggðamálum

– segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, formaður Verkefnisstjórnar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð

Sigmundur Ernir Rúnarsson, formaður Verkefnisstjórnar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð sagði á fjölmenntum fundi um byggðapróun og samkeppnismál sem haldinn var á Hótel Ísafirði í síðustu viku, að hætta yrði félagslegri áfallahjálpi í byggðamálum sem og styrkja yrði meira hinar sterkari byggðir í landinu. Aðeins þannig kæmst veikari byggðirnar af.

Rúmlega 90 manns sóttu fundinn og komust færri að en vildu. Frummælendur á fundinum voru Valgerður, Sværissdóttir iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Baldur Pétursson deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Karl Friðriksson framkvæmdastjóri Iðnteknistofnunar, Aðalsteinn Óskars-son framkvæmdastjóri At-

vinnuþróunarfélags Vestfjarða og Sigmundur Ernir Rúnarsson formaður verkefnisstjórnar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð.

Valgerður Sværissdóttir ræddi um stöðu byggðamála og rakti þau verkefni sem unnid er að með þátttöku fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum og Halldór Halldórsson rakti helstu áherslur í byggðaaætlun fyrir Vestfirði sem unnin var á síðasta ári og sagði frá störfum verkefnisstjórnar um byggðapróun á Vestfjörðum sem hann á seti í. Í máli hans kom fram að ætlun nefndarinnar væri að klára nokkrar tillögur að verkefnum til iðnaðarráðherra á næstu vikum þannig að hægt yrði að gera ráð fyrir þeim í fjárlögum næsta árs, væri til þess pólitískur vilji.

Sigmundur Ernir Rúnarsson sagði frá störfum verkefnisstjórnar sem hann stýrir um byggðapróun við Eyjafjörð og greindi frá þeirri undirbúningsvinnu sem unnin hefði verið af hálfu nefndarinnar. Í máli Sigmundar Erniss kom fram að höfuðáhersla atvinnulífsins á Eyjafjarðarsvæðinu væri á betri samgöngur við Reykjavíkursvæðið m.a. með styttri aksturstíma til Reykjavíkur.

Sigmundur Ernir taldi þörf á nýrri hugsun í byggðamálum á Íslandi. Hætta yrði „félagslegri áfallahjálpi“ í byggðamálum og stjórnvöld þyrftu að einbeita sér að styrkja stóru byggðarkjarnana í hverjum landshluta í stað þess að reyna að styrkja alla. Með því að styrkja þá sterkari ættu minni staðirnir von. Byggja ætti upp byggðirnar á þeim styrkleika

sem fyrir væri í stað þess að reyna eitthvað nýtt. Það sem þegar hefði heppnast væri líklegast til þess að gefa af sér frekari tækifæri.

Að lokum framsöguræðum var fundarmönnum leyft að bera fram fyrirspurnir til framsögumanna. Valgerður Sværissdóttir sagði í svari sínu til Svanhildar Þórðardóttur, kaupmanns á Ísafirði um óhóflegan flutningskostnað á landsbyggðinni að tilbúnar væru tillögur um niðurgreiðslur á flutningskostnaði á landsbyggðinni. Pólitísk ákvörðun um niðurgreiðslurnar hefði hinsvegar ekki verið tekin.

Soffía Vagnsdóttir í Bolungarvík spurðist fyrir um menningarhús litlu þorpanna og átti þar við félagsheimilin í landinu. Valgerður Sværissdóttir kvað engum fjármunum vera veitt til viðhalds þeirra á

fjárlögum næsta árs.

Ólafur B. Halldórsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði spurði hvort gert væri ráð fyrir háskólastarfsemi á Ísafirði í fjárlögum næsta árs en þeirri spurningu var ekki svarað af

frummælendum.

Fundurinn var haldinn á vegum verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins um byggðapróun á Vestfjörðum. Fundinn sótti fólk víðs vegar að af Vestfjörðum. –hj@bb.is



Innritun er hafin

Innritun er hafin í Menntaskólan á Ísafirði fyrir vorönn 2004. Tekið er við umsókn-um á skrifstofu skólans frá kl. 08:15-16:00 sem hér segir:

Dagskóli:

- innritun er til 1. desember 2003.
- kennsla hefst mánudaginn 5. janúar 2004.

Öldungadeild:

- innritun er til 1. desember 2003.
- kennsla hefst mánudaginn 12. janúar 2004.
- fundur með öldungardeildarnemum verður í fyrirlestarsal skólans miðvikudaginn 7. janúar kl. 20:00.

Nýbúabráut:

- innritun er til 1. desember 2003.
- stöðupróf í íslensku verða haldin fimmtudaginn 4. desember kl. 17:00.
- kennsla hefst mánudaginn 5. janúar 2004.

Um inntöku í skólann er farið eftir reglugerð nr. 98/2000, sjá vefslóð: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir982000>

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu skólans www.fvi.is

Skólameistari.



Fjölmennti í fundinum um byggðamál á Hótel Ísafirði. Á innfelldu myndinni er Sigmundur Ernir Rúnarsson í ræðustól.

Vilja ráða menningar- og upplýsingafulltrúa

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar ákvað á fundi sem haldinn var fyrir stuttu að leggja til við bæjarráð að stofnuð verði staða menningar- og upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar. Vill menningarmálanefndin að þetta verði hálfstítt starf. Ekki er verkefnið starfsmannsins rakið í samþykkt nefndarinnar að öðru leyti en því að bókað er að starfsmaður verði ráðinn „sem jafnframt geti annast umsóknir styrkja og þess háttar fyrir öll svið Ísafjarðarbæjar“.

–hj@bb.is

Útvarpinu dreift með ISDN í Reykhólasveit

Útvarpsráð mæltist til þess á fundi sínum í síðustu viku að Svæðisútvarpi Vestfjarða verði dreift í Reykhólasveit með ISDN línu, eins og forstöðumaður þróunarsviðs Ríkisútvarpsins hafi lagt til. Sveitarstjóri Reykhólahrepps skrifaði útvarpsstjóra í haust og spurði, hverju það sætti, að Svæðisútvarpið á Ísafirði heyrðist ekki í Reykhólahreppi. Orðrétt sagði í bókun útvarpsráðs: „Ráðið mælir með að skapleg lausn verði fundinn á vandamálinu, eins og að dreifa svæðisútvarpinu með ISDN línu, eins og lagt er til í bréfi forstöðumannsins.“

Skatttekjur á íbúa hæstar í Súðavík

Skatttekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum voru lægstar í Bolungarvík í fyrra, samkvæmt árbók sveitarfélaga sem hefur verið gefin út. Samkvæmt árbókinni voru skatttekjur aðeins 261.000 krónur á hvern íbúa í Bolungarvík í fyrra. Ísafjarðarbær var með næst lægstu skatttekjurnar eða rúmar 280.000 krónur á hvern íbúa. Hæstu skatttekjur á Vestfjörðum, á hvern íbúa, var í Súðavíkurhreppi 407.000 krónur tæpar. Næst hæstu skatttekjurnar voru hjá Hólmavíkurhreppi 332.000 á hvern íbúa þar. –hj@bb.is

Hér vil ég vera

– segir Gunnar Jónsson skipamiðlari á Ísafirði

Gunnar Jónsson skipamiðlari er einn af föstu póstumum ísfrsku bæjarlífi og þá kannski sérstaklega við sjávarsíðuna en hann hefur um marga ára skeið þjónustað sjávarútveginn. Hann vinnur í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og hefur fyrir löngu uppgötvað að það er jafnlangt frá Ísafirði til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Gunnar vinnur ekki störf sín með hávaða eða látum. Hann er hinsvegar maður andstæðnanna. Hann er alinn upp í landbúnaðarhéraði en flutti að sjávarsíðunni. Hann er menntaður í samvinnufræðum en kaus að vinna á eigin vegum. Hann féllst á það eftir nokkra umhugsun að taka spjall um það sem á daga hans hefur drifið undanfarna áratugi. Hann segir sögu samvinnunnar, kaupfélagsanna, samkeppninnar og haftanna og einnig sögu skipa- og landflutninga, rækjusölu og skipamiðlun. En líka sögu af framsóknarmönnum.

Uppruninn

„Ég er uppalinn í Borgarnesi þeim góða bæ en þar fæddist ég árið 1945. Eftir hefðbundna skólagöngu fór ég í Samvinnuskólann á Bifrost. Það var á þeim árum þegar skólinn var alvöru samvinnuskóli með Sambands-merkið í gólfinu og fleira í þeim dúr. Þetta var þá tveggja vetra skóli og ég var þar til tvítugs. Þetta var mjög góður skóli og raunar kom aldrei annað til greina hjá mér en að fara þarna í skóla, einfaldlega vegna þess að hann var svo nálægt. Reyndar þurfti maður að þreyta inntökupróf þannig að það var ekki nóg að leggja fram floksskírteini frá Framsóknarflokknum eins og oft var sagt.

Hinsvegar hef ég grun um að kaupfélagsstjórar víðsvegar að af landinu hafi getað lagt inn gott orð fyrir menn. Ég var nú reyndar alinn upp í miklu kaupfélagsumhverfi. Þabbi vann alla sína tíð í kötvinnslunni hjá kaupfélaginu í Borgarnesi. Hvort að spurst var fyrir um mig og minn bakgrunn veit ég ekki en ég þreytti inntökuprófið og náði því. Á þessum

árum var heimavistinni skipt í tvennt eftir kynjum og lokað á milli. Síðan mátti ekki fara af svæðinu nema eftir ákveðnu prógrammi. Þó að nú þyki stutt milli Borgarness og Bifrarstar þá var það nú ekki í þá daga enda bjó ég á heimavistinni og það var ekki verið að flakka á milli staða.“

Ljósir yfirlitum og ákaflega fríðir

„Þetta var mjög góður skóli eins og ég sagði áðan en sumar greinarnar báru auðvitað keim af því hver rak skólann. Þar má nefna samvinnusöguna sem kennd var. Þar var mikið um persónulýsingar á forkólfum samvinnuhreyfingarinnar. Þeir áttu það allir sameiginlegt að vera ljósir yfirlitum og ákaflega fríðir. Þetta var nú ekki mjög gagnrýnin saga. En að öðru leyti var þetta fyrst og fremst góður skóli. Það var satt best að segja engin pólitísk þarna. Það var t.d. ekki neitt pólitískt félag starfandi, hvorki til hægri né vinstri, en auðvitað höfðu menn skoðanir. Þarna var mikið félagsmálstarf en ég hef nú reyndar aldrei verið

mikið fyrir það.

Stefna skólans var að fá fólk með sem breiðastan bakgrunn í lífinu, að þarna kæmi fólk úr sem flestum stéttum og bæði úr dreifbýli og þéttbýli. Þetta gaf skólanum mikið gildi. Einnig var aldursdreifing nemma mikil. Það var mjög þroskandi að vera í svona umhverfi. Ég held að það hljóti að vera hundleiðinlegt að vera í skóla þar sem allir hafa sama bakgrunninn.“

Halldór nokkur Ásgrímsson og Jónas Fríðrik

„Einn af skólabræðrum mínum var maður að nafni Halldór Ásgrímsson. Hann var afskaplega viðkunnaður. Það var fast atriði í skólanum að þegar búið var að loka vistinni á kvöldin að þá tók hann samvinnusöguna í hönd, stökk upp á stól, og las upp úr henni. Þetta var mikið skemmtiatriði.

Þar las hann persónulýsingar við mikinn fögnuð og hann gerði mikið grín að þessu. Hann var nú ekki mjög pólitískur á þessum árum og hefur sennilega verið yngstur í skólanum. Hann var bara venjulegur kaupfélagsstjóra sonur að austan. Pólitísk sól hans fór nú ekki að rísa fyrr en síðar. Ég sá það nú ekki fyrir að hann yrði stjórnmálaforingi og væntanlegur forsætisráðherra.“ segir Gunnar og bætir við:

„Halldór Ásgrímsson var mjög kátur persónuleiki á þessum árum sem er nú svolítið önnur mynd en almenningur hefur gert sér af honum allt fram að síðustu kosningabaráttu. Trúlega hafa stjórnmálaáhyggjurnar lagst svona þungt á hann að hann varð svona alvörugefinn í augum þjóðarinnar.

Annar einstaklingur sem var með okkur á Bifrost og seinna varð frægur fyrir aðra hluti, var stórskáldið Jónas Fríðrik,

sem semur allt fyrir Ríó tríó. Það voru þarna nokkur skóla-skáld sem voru sífellt að yrkja eitthvað djúpt þenkjandi en Jónas var alltaf að yrkja eitthvað létt og skemmtilegt og þótti fyrir vikið ekki merkilegt skáld. Þá var í tísku að hafa allarheimsins áhyggjur á herðum sér. Hann var þá þegar mikið efni í ljóðskáld.

Ég kynntist þessum skáldum nokkuð því ég lenti í því að verða ritstjóri skólablaðsins sem hét Vefarinn. Það var menningarlega sinnað blað. Annað blað var einnig gefið út og það hét Þefarinn og var svona slúðurblað. Ég lenti í þessu af því að á fyrra árinu í skólanum hafði ég óvart skrifað sögu í blaðið og fyrir vikið var ég talinn hæfur í þetta embætti. Ég hafði nú ekki neinar skáldataugar, alls ekki. Það varð nú ekki neitt framhald á þessum skrifum mínum. Ljóðin hans Jónasar komust ekki í skólablaðið því þau voru svo skemmtileg.“

Hefði gleymst ef ég hefði ekki látið vita af mér

„Þegar líða tók á síðari veturinn í skólanum fór mönnum yfirleitt að berast atvinnutilboð. Sambandið hafði þann sið að velja úr nokkra nema og bjóða svona hálfgrert starfsnám og mér var boðið það. Það byggðist á því að við vorum látin vinna tímabundið á ýmsum stöðum út um land sem og í Reykjavík.

Ég vart d. einn vetur á Hofsi og annan á Selfossi. Síðan var ég um tíma í Samvinnubankanum og reyndar skyldi ég aldrei hvað ég var að gera þar. Með þessu taldi Sambandið sig vera að tryggja sér góða starfsmenn með fjölbætta bakgrunn og reynslu. Á þessum árum fannst mér skipulagið á starfsnáminu heldur laust í reipunum. Ég er viss um að ég gleymdist þegar ég var að vinna á Hofsi og væri þar



eflaust ennþá ef ég hefði ekki látið vita af mér.“

Gjaldeyris-loforða aflað

„Þegar ég var síðan búinn að festa ráð mitt með Herdísi, fyrrverandi konu minni, fór ég að huga að föstu starfi og réð mig að Vegamótum þar sem var verslun, sláturhús og veitingahús. Það var útibú frá Kaupfélagi Borgfirðinga. Þar fór ég að búa og þar var gott að vera. Á þessum árum átti maður ekki neitt en þarna fylgdi starfinu hús og ýmis önnur hlunnindi. Þetta var góður tími og þarna kynntist ég ýmsu í rekstri kaupfélaga.

Minnisstæðast er mér þegar maður var sendur til bændanna til þess að afla svokallaðra gjaldeyrisloforða. Það fólst í því að fá þá til að lofa búfé sínu til slátrunar um haustið. Þetta var gert á sumrin að sjálf-sögðu og einungis hjá þeim bænum sem voru skuldugir við kaupfélagið. Mér þótti þetta mjög leiðinlegt starf. Ég fór um Staðarsveitina og Mikla-holtshreppinn og ég man nú ekki hvort þessi loforð skiluðu sér nokkurn tímann. Þetta var afskaplega leiðinlegt. Bændur á þessu svæði höfðu úr mörg-um sláturhúsum að velja þann-ig að það var nokkur sam-keppni um að ná til sín sem mestu til slátrunar. Því varð að ýta á þá sem skulduðu mest að leggja inn búfé sitt til slát-runar.“

Til Ísafjarðar

„Árið 1970 fórum við Her-dís að hugsa okkur til hreyf-ings. Við vorum að velta fyrir okkur hvort við ættum að fara til Akureyrar eða jafnvel til Reykjavíkur. Síðan frétti ég af lausu starfi verslunarstjóra hjá Kaupfélagi Ísfirðinga og ákvað að sækja um. Ég hafði þá einu sinni komið til Ísa-fjarðar í skítaveðri að hausti til. Það var síðan ákveðið að ég skyldi fara vestur til viðræð-na við Jóhann T. Bjarnason sem þá var kaupfélagsstjóri.

Ég fór til Reykjavíkur og flaug með DC-3 flugvél áleiðis vestur. Það voru svo mjúk sæt-in í vélinni að ég steinsofnaði. Síðan vakna ég við það að vélin lendir og ég hélt að við værum komin til Ísafjarðar en þá hafði flugvélin snúið við og var lent aftur í Reykjavík. Ég var nú svo grænn þá í flug-málum að ég taldi ástæðu til þess að senda Jóhanni skeyti um að það hefði ekki verið flogið. Seinni áttaði ég mig á því að Ísfirðingar vissu auðvit-að uppá hár hvort það var flog-ið eða ekki. Þegar síðan var flogið fór ég vestur og þá voru nú móttökurnar ekkert slor.

Jóhann T. var upptekinn og sendi bíl eftir mér á flugvöllinn og þar var kominn Ásgeir Sig-urðsson leigubílstjóri á sínum flotta bíl. Aðra eins drosslu hafði ég aldrei séð á ævinni og þótti mikið til hennar koma. Ég held meira að segja að það hafi verið sjónvarp í bílnum. Þessar móttökur gerðu mig auðvitað strax hrifinn af staðn-

um. Ég fór svo beint á kontór-inn til Jóhanns og þar var bundist fastmælum að ég tæki við verslunarstjórastarfinu. Ég fór því heim og pakkaði bú-slóðinni og flutti hana síðan vestur og það var nú ekkert smá ferðalag.

Fyrst var búslóðin keyrð í Hólminn og í Baldur yfir Breiðafjörð og á Brjánslæk þar sem Ragnar á Brjánslæk tók við henni og setti hana inn í hlöðuna. Þetta var í lok apríl og ekki búið að opna heiðar-nar. Síðan fór ég seinna með Ebba á mjólkurbílnum að sækja búslóðina og það var mikil upplifun fyrir mig að keyra allar þessar heiðar og ekki spillti fyrir þessi skemm-tilegi bílstjóri sem ég átti nú eftir að kynnst betur síðar.“

Klósettappír á tilboði

„Jóhann T var ákaflega traustur maður. Hann mátti ekki vamm sitt vita í neinu. Það tók svoltíttinn tíma að stilla sig saman við hann. Ég hef aldrei kynnst neinum sem er eins fylginn sér og Jóhann var. Hann var afskaplega framsýnn í mörgum málum. Sem dæmi má nefna að hann vildi hafa tilboð á vörum í sínum búðum sem ekki var algengt á þessum árum. Hann var búinn að finna það út að það var hægt að flytja beint inn í miklu magni og ná með því lægra verði. Eitt sinn fékk hann þá hug-mynd að hafa tilboð á klósett-pappír en það fannst mér sem ungum manni hallærislegt. Seinna fattaði ég að auðvitað var þetta rétt hjá Jóhanni að bjóða svona dagvöru á afslætti. Hann var á allan hátt mjög traustur maður.“

Gunnar Jónsson tekur við af Gunnar Jónssyni

„Ég tók við verslunarstjóra-stöðunni af Gunnari Jónssyni sem tók við umboði hjá Bruna-bót og það var skemmtileg til-viljun að við skyldum vera alnafnar,“ segir Gunnar og bætir við:

„Ég fann það þegar ég kom vestur að þetta var talin góð staða og nokkuð litið til henn-ar. Það kom mér nú reyndar á óvart. Verslunarmeningin hér var mikil sem og sagan. Verslunarmenn höfðu gengt miklu hlutverki í bæjarlífinu þannig að þessi staða hefur kannski notið virðingar þess vegna. Kaupfélagið var með töluverðan rekstur þegar ég kom. Það var með sláturhús, verslanir á nokkrum stöðum, mjólkurstöðina, vöruskemmu, kjötvinnslu, timbursölu og fleira.

Þegar ég kom hingað var ég ekki með neinar hugmyndir hvað ég yrði lengi hér. Ég hafði engin plön í þá átt og hef reyndar aldrei verið með þann-ig skipulag. Þegar ég kom fannst mér uppgangur vera að byrja. Ég fann að árin á undan höfðu verið svona rölegheita ár og allir hlutir í föstu skipu-lagi.“

Skuttogararnir koma

„Þegar skuttogaramir komu þá varð hér sprenging. Mikil uppbygging hófst og fólk fór að byggja í gríð og erg. Fólk var greinilega harðákveðið að búa hér og byggja sér hús. Það var einfaldlega mjög góður kostur á þeim tíma að búa hér. Það voru ekki aðrir kostir betri á þeim árum. Það var nú líka á margan hátt auðveldara að byggja á þeim árum. Þá löbb-uðu menn sér inn til Óla í Björk og tóku út í reikning efni í heilt hús. Síðan hjálpaði blessuð verðbólgan mönnum á þessum árum.

Ég fann mun á fólki hér og því fólki sem ég hafði mest umgengist í Borgarfirðinum. Ég skynjaði þessa löngu teng-ingu aftur í tímann. Þessa miklu sögu. Hér var ekkert nýtt undir sólinni. Það var mjög skemmtilegt enda kvikn-aði hjá mér mikill sagnfærði-áhugi í kjölfarið. Ég er viss um að þessi mikla saga hefur mótað samfélagið mikið. Auð-vitað getur mikil saga og festa gert menn íhaldsama og staðn-aða en því fann ég ekki fyrir hér. Mannlífið var litfagurt vegna þessarar miklu sögu.“

Skrítinr siðir í verslun

„Það var margt skritið hér sem ég þekkti ekki annars staðar frá. Eitt af því var þessi mikla heimsendingarþjónusta í verslunum. Fjöldi fólks vann við það að keyra vörum heim til fólks. Það var eins og eng-inn gæti borið nokkurn skap-andan hlut heim í þá daga. Þetta var gengdarlaust. Menn voru fram á nætur að keyra vörur heim til fólks og þetta var tömt rugl og óhemju kostnaðarsamt. Þetta kom auðvitað til vegna samkeppninnar milli verslana.

Á þessum árum voru ungir og sprækir menn, Úlfar Ágúst-sson og Heiðar Sigurðsson, að byrja með Hamraborg sem er enn í sama húsnæði. Þeir voru einnig með verslun í Tún-götunni og í Hnífssdal. Við vor-um í Kaupfélagshúsinu, á Hlíðarveginum og í Hnífssdal en það var nýbúið að leggja niður Imbubúðina í Silfurgöt-unni þar sem Villi Valli er núna. Það var mikil samkeppni við þá Hamraborgarmenn. Á þessum árum var stríðið með mjólkina. Þá mátti ekki hver sem er selja mjólk og erfitt að fá hana keypta í mjólkursam-laginu. Þeir komu því bara yfir götuna í kaupfélagið og keyptu mjólkina í búðinni hjá okkur og seldu hana síðan aftur í sínum verslunum. Þarna kom-ust þeir framhjá þessari tregðu sem ríkti í mjólkursölu.

Afkoman var frekar lítil í verslun á þessum árum enda var mikil samkeppni. Opnun-artíminn var annar en nú er og þá var allt nýrfað niður. Við settum t.d. upp lúgusölu í Kaupfélaginu sem selt var út-um á kvöldin og þótti það mikil framför í þá daga.“

Gulla Matt besti kaupfélagsstjórinn

„Eftir að Jóhann T. hætti sem kaupfélagsstjóri voru mjög tíð skipti á kaupfélagsstjórum og það má segja að allir hafi byrj-að á því sama, að snúa versl-uninni við eins og það myndi bæta afkomu hennar, en það gerðist það ekki. Þegar búið var að skipta marg oft um kaupfélagsstjóra fóru menn að hugsa málið og komust að að því að sennilega væri best að ráða Gulla Matt sem kaupfé-lagsstjóra. Hún hafði verið á skrifstofunni alla tíð og ég held að hún hafi verið best allra í starfinu.

Þegar ég kom að kaupfélag-inu var þar margt starfsfólk sem hafði unnið þar lengi m.á. bræðurnir Hörður, Bragi og Birkir Þorsteinssynir og Þor-steinn faðir þeirra. Þá var Anna Helgadóttir þarna, Þórður Ein-arsson og Helgi Hjartarson var í skemmunni auk Imbu Finns og fjölmargra annarra. Mér fannst satt að segja ekki erfitt að koma sem ungur maður og fara að stjórna þessu fólki. Þetta var allt saman mjög elskulegt fólk sem hafði auð-vitað sínar meiningar en það var gaman að vinna með því.“

Erfiðir aðdrættir

„Aðdrættir voru miklu erf-iðari á þessum árum. Þó að það sé í raun ekki svo svaka-lega langt síðan þetta var, þá hafa breytingarnar orðið gríð-arlegar. Á þessum árum var allt flutt með Ríkisskip sem kom einu sinni í viku eða svo og síðan voru flutningabílar líka á sumrin. Það varð því að stilla sig algjörlega við skipin. Þess vegna var þessi vöru-skemma svona stór þáttur í rekstrinum. Hún var auðvitað einskonar dreifingarmiðstöð. Það þurfti því auðvitað miklu meiri fyrirhyggju en nú er og auðvitað var miklu meira lag-erhald sem kostaði mikla pen-inga. Í dag þurfa verslanir ekki að halda neinn lager. Menn urðu því að fara mjög varlega við innkaup á þessum árum.“

Höft og skammtanir

„Á þessum árum var verð-lagseftirlit við lýði og það var nokkuð virkt hér á Ísafirði. Þá var lögbundið hvað mátti leggja á vöru og því var verð-lag mjög svipað um alla lands-byggðina. Styrkur kaupfélag-anna átti að vera þessi bakhjarl sem Sambandið átti að vera sem magninnkaupandi. Það virkaði hinsvegar ekki alltaf því kaupfélögin voru í raun ekki svo svakalega trú sam-bandinu miðað við það sem tíðkaðist í öðrum löndum.

Ég man t.d. eftir því að einu sinni kom hingað maður frá danska samvinnusambandinu. Þegar við settumst niður með honum eftir að hann hafði skoðað verslunina var hann mjög hissa á þeim vörum sem við buðum upp á. Hann tók sem dæmi að við værum með SS pylsur í búðinni þrátt fyrir að Sambandið framleiðdi Goða pylsur. Þetta skyldi hann ekki. Við vorum auðvitað með SS pylsur af því að fólki fannst þær betri og við sögðum hon-um það en hann skyldi þetta

alls ekki. Hann taldi að við ættum ekki að selja neitt annað en Goða pylur. Þannig var nú með mörg vörumerki. Við seldum það sem fólkíð vildi. Það var nú eitthvað misjafnt milli kaupfélaga en ég hafði alveg frelsi í því að ákveða hvaða vara væri í boði.

Skammtanirnar á þessum árum voru svakalega skritið fyrirbæri. Þá var oft skortur á ýmsum vörum og þurfti t.d. reglulega að skammta mjólk og trjóma. Maltölið var undan-tekningarlaust skammtað fyrir jólin. Ég veit ekki hvað fók myndi segja í dag ef þessi staða væri uppi. Þetta kom auðvitað til vegna lítillar framleiðslu og einnig vegna samgöngu-erfiðleika. Þsd var svakalega leiðinlegt að þurfa að setja upp miða þess efnis að aðeins væri hálfur lítri af mjólk á mann og stundum fengu bara ungabörn mjólk.

Flestir virtu þessar reglur en þetta skapaði auðvitað mikil leiðindi fyrir starfsfólkið í verslununum. Þetta voru ótrúlegir tímar, að þurfa að hafa kvóta á maltölskaupum fyrir jól. Þetta er svakalega fjarlægð í þessu ofboðslega neyslupjóðfélagi sem við bú-um við í dag og ég er ekki viss um að fólk sem ekki lifði við þessar skammtanir, trúi svona sögum. Þetta er svo gjörólíkt.“

Ríkisskip og framsókn

„Síðan gerist það að Guð-bjarni Þorvaldsson, sem var umboðsmaður Ríkisskips deyr og starf hans losnar. Þetta var talinn nokkuð góður biti vegna allra skipaflutninganna og ég ákvað því að sækja um. Það voru hér ýmsir fleiri hér á svæðinu sem sóttu um en ég sótti einfaldlega um beint til Guðmundar Einarssonar sem þá var nýtekinn við Ríkisskip og hafði á prjónunum ýmsar breytingar á rekstrinum sem voru fyllilega tímabærar.

Þar sem Halldór E. Sigurðs-son var samgönguráðherra var þessi staða merkt Framsóknar-flokknum í hugum fólks. Ég ræddi nokkrum sinnum við Guðmund en fékk frekar óljós svör. Hann sagði að umsókn-irnar væru í vinnslu og í eitt skiptið sagði hann að málið væri komið á borð ráðherra. Þá var mér hætt að lífast á blikuna því þá var ég viss um að flokksskríteinin myndu ráða þar sem Guðmundur og Halldór voru auðvitað báðir Framsóknarmenn og ég hafði aldrei verið í pólitík.

En kvöld eitt hringir síminn og þá er það Halldór E. sem er á línunn. Við vissum deildi hvor á öðrum því hann hafði verið sveitarstjóri í Borgarnesi þegar ég var að alast þar upp. Hann spurði mig formálalaust hvort ég hefði ekki ætlað að tala við hann. Ég hváði og þá sagði hann að það væru allir umsökjendur búnir að tala við sig nema ég og svo spurði hann hvort ég vildi ekki ennþá verða umboðsmaður Ríkisskips. Ég sagðist hafa áhuga og hefði sótt um starfið hjá Guðmundi Einarssyni og hefði því talið

að það dygði að tala við hann. Við Halldór spjölluðum síðan saman góða stund og síðan segir hann að þeir Framsókn-armenn þurfi að styrkja liðs-heildina á Ísafirði og þá vissi ég hvað til míns friðar til-heyrði. Hann lét mig sem sagt vita að það spillti ekki fyrir að starfa dygglega fyrir flokkinn. Ég lofaði engu og síðan lauk okkar samtali.

Nokkrum dögum síðar var mér tilkynnt að ég hefði verið ráðinn en væntinar Halldórs um pólitísk störf af minni hálfu rættust ekki. Ég hef aldrei verið í neinum flokki og vill vera frjáls. Ég var aldrei reyndar rúkkaður um störf fyrir Fram-sóknarflokkinn en af einhverri ástæðu hef ég af flestum öðr-um en sjálfum mér verið talinn Framsóknarmaður. Ég rekest alveg óhemju illa. Ráðning mín mæltist ekki allsstaðar vel fyrir. Það sóttu einhverjir vel-megtugir framsóknarmenn um sem töldu að þeir yrðu ráðnir vegna starfa sinna fyrir flokk-inn. Ég kem auðvitað úr miklu framsóknarumhverfi. Þabbi var trúlega framsóknarmaður alla tíð en mamma var ábyggi-lega vinstri sinnaðri.“

Breytingar hjá Ríkisskip

„Eftir að ég tek við hjá Rík-isskip voru gerðar miklar breytingar á rekstri fyrirtækis-ins. Ferðum hingað var fjölgað því ennþá var landleiðin suður lokuð á vetrum. Það voru því töluverð umsvif í þessum rek-strí. Þegar fram liðu stundir fór Eimskip í samkeppni í inn-anlandsflutningum og þegar samgöngurnar á landi löguðust breyttist umhverfið. Flutning-ur með bílum er auðvitað dýr-ari en á móti kemur að menn geta komist af með minni lager og það sparar.

Síðan kemur að því að Rík-isskip var lagt niður enda voru til einkaaðilar sem hæglega gátu sinnt þessu. Það voru auð-vitað skiptar skoðanir um þetta í okkar röðum. Mörgum fannst þetta töm vitleysa en ég var farinn að sjá það að þessi starfsemi hlyti að leggjast af. Sérstaklega flutningar á stærri staðina. En auðvitað var þetta slæmt fyrir minni staði eins og Norðurfjörð.

Þetta hafði auðvitað í för með sér miklar breytingar fyrir mig en þarna var ég orðinn umboðsmaður fyrir Samskip og líka reyndar þess fræga fyr-irtækis Hafskip. Ég ákvað því að halda mínu striki enda var ég líka farinn að þjónusta er-lenda togara og það átti eftir að aukast mikið.“

Grænland-ingarnir koma

„Grænlandingar höfðu á-kveðið að hafa hér aðsetur fyrir flota sinn sem var við veiðar við austur Grænland enda ligg-ur Ísafjörður vel við landfræði-lega. Þeir komu hingað og ræddu málin og í framhaldi af því tóku þeir ákvörðun að koma með skipin hingað. Þeg-ar ég var búinn að reikna fyrir

þá allan kostnað og gefa þeim hann upp spurðu þeir hvað ég ætlaði síðan að fá fyrir minn snúð. Ég hef því ekki verið nógu góður að leggja á kostnaðinn fyrst þeir héldu að þann lið vantaði. En ég lærði það síðar. Kannski eiga þessi mistök mín sinn þátt í því að þeir ákváðu að koma hingað.

Þetta var mjög skemmtilegur tími. Hingað komu mörg skip af öllum stærðum sem sótt mikla þjónustu. Auk áhafnaskipta keyptu þeir allan sinn kost hér og allt viðhald, olíu og fleira og fleira. Það var gaman að standa í þessu því hæfni þjónustuaðilanna hér var mikil. Það var t.d. mjög góð þjónusta hjá Pólnum í siglingatækjum og hjá vélsmiðjunum í vélsmiðjudótinu. Ég fékk aldrei kvörtun vegna þessara hluta frá Grænlandingunum. Hér voru því oft bæði togarar að landa og flutningaskip að sækja farminn. Oft var því þröng á þingi í höfninni enda útgerð héðan þá í hámarki. Seinna komu svo Norðmenn og Danir í þennan hóp.“

Grænland-ingarnir hverfa

„En síðan hurfu Grænland-ingarnir héðan, eiginlega jafn skjótt og þeir komu. Það sem háði okkur mest voru samgöngurnar. Þetta voru erfiðir tímar veðurfarslega séð og flug féll mikið niður þannig að menn lentu í vandræðum í áhafnaskiptum. Einu sinni man ég eftir að áhöfn fór í rútu til Keflavíkur og var tólf tíma á leiðinni. Þetta gera menn ekki ef þeir eiga betri kost. Því var einfaldlega tekin sú ákvörðun að færa þjónustuna til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Við reyndum hvað við gátum til að fá þá til að hætta við en það gekk ekki. Skipin stækkuðu síðan og þeim fækkaði þannig að þessi viðskipti minnkuðu í kjölfarið.“

Prinsippmaðurinn Pétur

„Það gekk nú á ýmsu þegar Grænland-ingarnir voru hér og margt varð að fréttæfni. Mesta athygli vakti þó þegar Pétur Hafstein sýslumaður setti á samskiptabann við Grænland-ingana sem var í raun alveg einstakt þegar horft er til þeirrar löngu sögu sem við eigum í samskiptum við erlenda sjómenn. Þetta kom til vegna slagsmála sem urðu að aflokn- um dansleik á milli heimamanna og Grænlandinga. Ég held að þetta hafi einfaldlega



verið gert í fljótræði, í hita leiksins. Þegar síðan málin róuðust og banninu var aflétt fór einn skipstjórinn á fund Péturs og vildi færa honum dýrindis rækju sem þakklætisvott og sáttarvott en Pétur neitaði að þiggja gjöfina þar sem það væri brot á reglum. Hann var mikill prinsippmaður, hann Pétur.

Framkoma Grænlandinganna var yfirleitt til mikillar fyrirmyndar. En útlit þeirra vakti forvitni og stundum kom upp misskilningur og leiðindi. Ég varð aldrei var við það að Grænland-ingarnir væru upp- hafsmenn að slagsmálum eða deilum, það voru yfirleitt heimamenn.“

Rússarnir koma

„Seinna skipti ég svo við rússnesk skip og það var með allt öðrum hætti. Þeir eru mjög ljúfir og góðir en frekar óskipulagðir. Málakunnáttan var ekki mikil þannig að þá bjargaði maður sér með handa- pati og stundum varð einfaldlega að teikna hlutina á blað til þess að þeir skildust. Þeir eru hinsvegar afskaplega sjálf- bjarga hvað allt viðhald varð- ar. Gera við allt sjálfir þannig að koma þeirra skapaði ekki mikil viðskipti í viðhaldsmál-

um. Svona eru hlutirnir ólíkir. Rússarnir keyptu dálítið af matvöru og þeir þurftu sífellt að vera að reikna hvað væri hagkvæmast að kaupa og veltu hlutunum mjög vel fyrir sér.“

Höndlarinn á Ísafirði

„Þegar tímar liðu fór ég að sinna viðskiptum við skipin, hvort sem þau komu til Ísa- fjarðar eða eitthvert annað og nú er svo komið að minnst af mínum viðskiptum er hér í bænum. Ég bý hinsvegar enn- þá hér. Ég hef einfaldlega ekki haft áhuga á því að fara héðan. Samskiptatæknin hefur breyst svo mikið að það skiptir ekki máli hvar svona þjónusta er staðsett. Í raun má segja að maður þurfi ekki að fara á staðinn þegar skipin koma. Maður gerir það svona af gömlum vana að láta sjá sig um borð. Nú senda menn allar upplýsingar um þarfir sínar í gegnum tölvupóst og ég sé um að útvega það með góðum fyrirvara þannig að það er allt til staðar þegar skipin koma að landi.

Áður vissi maður ekkert fyrr en búíð var að binda skipið við bryggju. Ég er því í raun búinn að öllu þegar skipin koma og því er í raun óþarfi að láta sjá sig nema bara til þess

að brosa. Með árunum verða tengslin mjög nán og maður lærir á hvern og einn. Það þótti skrítið í fyrstu að maður væri að höndla skip í Hafnarfirði héðan frá Ísafirði en það er liðin tíð. Það er alveg sama hvar maður er staðsettur, eina málið er að maður vinni verkið vel. Að búa í Reykjavík skiptir engu máli fyrir mig. Ég hef einfaldlega engan áhuga á því.“

Rækjan og þróunarsetrið

„Á tímabili hafði ég milli- göngu um sölu á ópillaðri rækju erlendis frá til verk- smiðja hér innanlands og reyndar líka erlendis. Þá kyn- nist ég rækjuverkendum sem var ákaflega skemmtilegt. Ég fullyrði að það eru skemmti- legustu menn sem ég hef kynnst. Spennan sem ávallt var í þessum bransa mótaði þessa menn. Þær sveiflur sem menn bjuggu við mótuðu menn og ég er mjög þakklátur að hafa fengið að kynnst þessu tilbrigði atvinnusögunnar sem rækjuvinnslan var. Mér finnst tímabært að skrifa þessa sögu þessara manna áður en hún gleymist.

Ég hef lengi verið með minn

rekstur í Vestrahúsinu og nú hefur Þróunarsetrið komið í kringum mig. Það er afskap- lega merkilegt og skemmtilegt fyrirbrigði. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt sambýli og vel til fundið að hafa allar þess- ar stofnanir á einum stað þann- ig að menn hafi styrk hver af öðrum.“

Sveiflurnar í atvinnulífinu

„Á árum mínum hér hefur atvinnulífið farið úr lægd í mikinn topp og síðan nú aftur í djúpan dal eins og sagt er í biblíusögunum. Ég held að við séum búin að fóta okkur að nýju. Ég hef trú á því. Auðvit- að var mikið áfall hvernig við misstum frá okkur möguleik- ana í sjávarútvegi, bæði sál- rænt og fjárhagslegt en ég held að við komumst út úr þessu. Kannski verður það okkur til happs hversu snemma við fengum þennan skell. Nú standa önnur samfélög frammi fyrir því þessu og þá erum við búin að vinna okkur út úr þessu áfalli og höfum því forskot. Ég vona svo sannarlega að ég hafi rétt fyrir mér. Breytingar eru ekki alltaf af hinu illa. Samfélög eru síbreytileg og eiga að vera það. Það er alltaf

til svona vitlaust fólk eins og ég sem vill búa á svona stað eins og Ísafirði.

Í gegnum tíðina hef ég verið mjög nátengdur sjávarútvegi án þess að vera beinn þátttak- andi sjálfur og hef því getað fylgst með þróuninni úr smá fjarlægð. Þrátt fyrir að nú sé mikið í umræðunni að Vest- firðingar hafi gert mikil mistök og misst hlutina út úr höndun- um á sér er ég ekki sammála um það. Það er alltaf auðvelt að dæma eftirá og sumum fer það mjög vel. Ég hafði aldrei á tilfinningunni að menn hér væru að gera mikil mistök en auðvitað er alltaf hægt að benda á ýmislegt eftirá.“

Gott samfélag

„Ég vil einfaldlega búa hér af því að þetta er ákaflega gott samfélag. Hér eru ekki fjöl- skylduböndin sem halda í mig. Strákarnir mínir þrír eru flogn- ir burt eins og gengur en hér vil ég einfaldlega vera. Ég skil ekki gróna Ísfirðinga sem hér eru uppaldir og hafa unnið hér þegar þeir taka sig til og flytja án nokkurrar sýnilegrar ástæðu. Flytja eitthvað þar sem þeir þekkja fáa og þekkja ekki þankaganginn eða neitt. Ég fæ þetta bara ekki til að ganga upp.“

—hj@bb.is

Óskar Einars leiðbein-ir á gospelsnámskeiði

Gospelfrömuðurinn Óskar Einarsson er væntanlegur til Bolungarvíkur til að leiðbeina á gospelsnámskeiði sem haldið verður í safnaðarheimilinu dagana 20. og 21. nóvember. Eins og margir muna var Óskar með námskeið í Bolungarvík í janúar á þessu ári og var Gospelkór Vest- fjarða stofnaður í kjölfarið. Pálína Vagnsdóttir, stjórn- andi Gospelkórsins, vill hvetja alla sem áhuga hafa á gospeltónlist að vera með. Námskeiðisgjald er kr. 1.000 og hefst kennsla kl. 18 báða daga. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 898 6489. – kristinn@bb.is

Hvatt til notkunar á endurskynsmerkjum

Lögreglan á Ísafirði vill hvetja vegfarendur til að nota endurskinsmerki nú þegar skammdegjð færist yfir. Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði segir löreglunni hafa borist kvartanir frá ökuönnum sem eigi erfitt með að sjá gangandi vegfarendur, sérstaklega þá sem eru lægri í loftinu. „Þegar þessi árstími er kominn þá er myrkrið svo ægilegt og svart að fólk sést ekki, að maður tali ekki um þegar veðrið er þungbúið og það rignir“, segir Önundur. Hann segir hægt að fá endurskinsmerki hjá lögreglunni án endurgjalds. – kristinn@bb.is

Júlíus með 81 milljóna króna aflaverðmæti

Júlíus Geirmundsson ÍS, frystitogari Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., kom til hafnar á Ísafirði í síðustu viku eftir um mánaðarúthald. Aflinn var blandaður og var verðmæti hans um 81 milljón króna. Aðspurður segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri HG, að lækkun afurða- verðs og sterkara gengi krónunnar sé farið að segja veru- lega til sín í lægra aflaverðmæti. „Það hafa orðið veru- legar verðlækkanir, sérstaklega á ýsunn. Ég hef ekki reiknað út hvað álíka tūr hefði gert í aflaverðmæti fyrir ári síðan en lækkunin er tilfinnanleg“. – kristinn@bb.is

Færri komust að en vildu

Færri komust að en vildu á arabískt kvöld sem haldið var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardagskvöldið 8. nóvember sl. Sérstakir gestir kvöldsins voru mæðgurnar Amal Tamimi sem stundar nám í félagsfræði við Háskóla Íslands og Vala Abilbdeh. Amal flutti m.a. erindi um Palestínu og síðan dónsuðu mæðgurnar magadans. Amal eldaði palestínskan mat og Hassan Boutarhoucht á Suðureyri eldaði kúskús sem er réttur frá heimalandi hans, Marokkó. Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur, svæðisfulltrúa Rauða krossins á Ísafirði, hafa Vestfirðingar verið iðnir við að skemmta sér á fjölmenningarlegan



Framandi dans stigin á arabísku kvöldi.

hátt undanfarin ár enda búi fólk frá u.þ.b.40 þjóðlöndum í fjórðungnum. Fjölmenningarsetrið, Rauða kross deildin á Ísafirði, Rætur og Menningararmiðstöðin Edinborg stóðu fyrir arabíska kvöldi.

inu en Bryndís segir það ekki í fyrsta skiptið sem þessir aðilar eigi samstarf um að kynna aðra menningarheima. „Það er kærkomin viðbót við íslenska menningu að fá að laða fram þá reynslu sem fólk

ber með sér frá öðrum heimsálfum. Auk þess að vera hin besta skemmtun er um að ræða fæðslu en það er einmitt fáfræði okkar sem skapar fordóma“, sagði Bryndís. – kristinn@bb.is



Heiðursgesturinn Amal Tamimi í ræðustól með palestínska fánann í bakgrunni.

Unglingalandsmóti UMFÍ

Mótshaldið réttu megin við núllið

Ingi Þór Ágústsson, formaður undirbúningsnefndnar Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var á Ísafirði í sumar, segir ljóst að hagnaður verði af mótshaldinu. Ingi Þór, sem vinnur að uppgjörsmálum vegna mótsins, segir að lokaniðurstaða verði þó ekki að fullu kunn fyrir en eftir endurskoðun reikninga sem fari í gang á næstunni.

Þetta kom fram á formannafundi Héraðssam-

bands Vestfirðinga sem haldinn var fyrir stuttu. „Nú liggur fyrir að mótshaldið er allavega réttu megin við núllið. Enda var framkvæmdin í mjög góðum höndum og í rauninni allt í kringum þetta mót“, sagði Ingi Þór í samtali við blaðið. Fjölmargir lögðu leið sína til Ísafjarðar um verslunarmannahelgina til að taka þátt í mótshaldinu sem þótti heppnast afar vel.

– kristinn@bb.is

Þór Hjaltalín minjavörður á Norðurlandi vestra

Segir tímabært að gera Vestfirðir að minjasvæði

Þór Hjaltalín, minjavörður á Norðurlandi vestra, segir þá skoðun uppi að brýnt sé að ráða minjavörð fyrir Vestfirði. Hann segir að í dag skipti minjaverðirnir á Norðurlandi vestra og Vesturlandi með sér störfum á Vestfjörðum. Svæðið sé stórt og tímabært að gera

fjórðunginn að sérstöku minjasvæði. „Þetta er í sjálfu sér ekki ný hugmynd, hún hefur verið í umræðunni í nokkurn tíma. Í þjóðminjalögum er fjallað um minjasvæðin en síðan eru þau afmörkuð í reglugerð. Þannig þyrfti reglugerðarþrenging til að fá Vestfirði

sem minjasvæði“, segir Þór. Minjaverðir eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins og starfa samkvæmt þjóðminjalögum. Auk fornleifaverndarinnar segir Þór minjaverðina í miklu sambandi við Húsafríðunarnefnd en á þeim hvíli skyldur samkvæmt húsafríð-

unarlögum.

Þór og fleiri fulltrúar frá Fornleifavernd ríkisins héldu kynningarfund í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í síðustu viku þar sem störf minjavarða voru m.a. kynnt.

– kristinn@bb.is

Litli leikklúbburinn á Ísafirði

Sýnir Jóladraum eftir Dickens á aðventunni

Litli leikklúbburinn á Ísafirði vinnur nú að uppfærslu á Jóladraum eftir Charles Dickens í leikstjórn Elfars Loga Hannessonar sem stefnt er að frumsýna um miðjan desember. Um er að ræða nýja leikgerð í töluvert styttri útgáfu

sem unnin er af leikstjóranum. Kristinn Níelsson, tónlistarmaður og skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur, semur tónlist fyrir uppfærsluna. Alls taka fjórir leikarar þátt í sýningunni auk tæknifólks. Sýningin verður sniðin að þörfum

ýngstu áhorfendanna en fullt tillit er tekið til þeirra sem fylgja börnunum að sögn leikklúbbsmanna.

„Með þessari uppfærslu vill Litli leikklúbburinn leggja sitt af mörkum til að gera ísfirska aðventu sem hátíðlegasta og

skemmtilegasta. Boðskapur sögunnar er fallegur og á alltaf vel við“, segir í tilkynningu frá LL. Charles Dickens er leikklúbbnum ekki ókunnur því árið 1999 setti hann upp söngleikinn Óliver í samvinnu við Tí. – kristinn@bb.is

Vilja setja upp safni í Einarshúsi í Bolungarvík

Á fundi menningarráðs Bolungarvíkur fyrir stuttu var fjallað um málefni Einarshúss í Bolungarvík, sem einnig gengur undir nafninu Péturshús. Menningarráð vill að þar verði komið upp safni um fyrri eigendur hússins þá Einar Guðfinnsson og Pétur Oddsson. Einnig er lögð áhersla á að saga hússins og fyrrum eigenda þess sé skráð. Í bókun menningarráðs kemur fram húsið hafi mikið menningarlegt og sögulegt gildi að mati Húsafríðunarnefndar ríkisins og sé styrkhæft til endurbýggingar. – kristinn@bb.is

Gjaldskrá fyrir gervigrasvöllinn á Torfnesi

Með tilkomu gervigrasvallarins á Torfnesi hefur aðstaða til knattspyrnuíðkunar breyst mjög til hins betra. Áður fyrr þegar haustaði færðu knattspyrnumenn sig inn í hús til æfinga eða lögðust í dvala. Snjóleysið í haust hefur hinsvegar gert það að verkum að gervigrasvöllurinn er í töluverðri notkun að sögn Björns Helgasonar íþróttafulltrúa Ísafjarðarbæjar. Björn hefur ásamt Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra lagt fram tillögu að gjaldskrá fyrir gervigrasvöllinn ásamt frjálsíþróttasvæðinu á Torfnesi. Greiða þarf 2.800 kr. á hverja klst. fyrir afnot vallanna.

Páll Guðmundsson sigræði á vetrarmóti GB

Golfklúbbur Bolungarvíkur (GBO) hélt Vetrarmót í golfi á Syðridalsvelli á sunnudag. Fimmátan kylfingar mættu til leiks og léku 18 holu högggleik. Segja má að aðstæður til að spila golf hafa ekki verið sem bestar á Syðridalsvelli því kalt var í veðri og völlurinn talsvert hellaður. Páll Guðmundsson GBO stóð upp sem sigurvegari en hann lék holurnar 18 á 84 höggum. Unnsteinn Sigurjónsson GBO varð annar á 85 höggum og Kristinn Kristjánsson og Ingi Magnfredsson, frá Golfklúbbi Ísafjarðar (GI), urði í þriðja til fjórða sæti á 87 höggum.



Snorri Sturluson, Ólína Þorvarðardóttir, Hjálmar Jónsson og Kristjana Vagnsdóttir.



Erlingur Sigtryggsson flytur stöku. Fyrir innan hann situr Jón Jens Kristjánsson.

Þétt setið á hagyrðingakvöldi í Edinborg á Degi íslenskrar tungu

Fjölmenni hlýddu á hagyrðinga kveðast í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudagskvöld, á Degi íslenskrar tungu. Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur, fór fyrir vaskri sveit vestfirskra hagyrðinga skipaðri þeim Snorra Sturlusyni, Ólínu Þorvarðardóttur, Kristjönu Vagns-

dóttur, Jóni Jens Kristjánssyni og Erlingi Sigtryggssyni. Skiptust þau á vísu, m.a. um ýmis þjóðfélagsmál sem brenna á Vestfirðingum þessi misseri, við góðar undirtektir áhorfenda í sal. Þetta var fjórða árið í röð sem Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í

Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Áður hafa bæði hagyrðingar og kvæðamenn komið fram í Edinborg á þessum degi og mun ætlunin að láta merkið ekki niður falla á næstu árum. Nóg er um að vera í Edinborg þessa dagana en á laugardag kl. 16:00, verður hin árlega bók-

menntavaka haldin þar. Að þessu sinni munu Jón Páll Halldórsson, Guðmundur Andri Thorsson, Guðmundur Steingrímsson, Vigdís Grímsdóttir og Sjón lesa úr nýútkomnum verkum sínum. Lifandi tónlist verður flutt og bornar fram veitingar. – kristinn@bb.is



Áhorfendur fylgjast spenntir með.



Salurinn í Edinborg var þétt setinn.



Sigurður Pétursson, Páll Gunnar Loftsson, Jón Sigurpálsson, Agnes Sigurðardóttir og Ólöf Oddsdóttir.



Þjóðfélagsumræða í bundnu máli fékk góðar undirtektir.

JÓLAGLAÐNINGUR

3 JÓLAMATARKÖRFUR FRÁ SAMKAUP

ICELANDAIR

2 EVRÓPUFERÐIR MEÐ ICELANDAIR

Nafn _____

Heimilisfang _____

Sími _____


Klippu út þennan miða, fylltu út upplýsingareitinn, heftaðu kassastrímið frá **SAMKAUP** við hann og settu í **LUKKUKASSANN** í **SAMKAUP**. Dregið föstudaginn 12. desember.

Hafnarstræti 9-13 • Sími 456 5460

Við samgledjumst afmælisbarninu og bjóðum af því tilefni ...

20% staðgreiðsluafslátt
af allri gjafavöru
föstudag, laugardag
og sunnudag

Rósatilboð - 2 fyrir 1
Þú kaupir eina og færð aðra ókeypis



Blómaturinn

Austurvegi 2, 400 Isafirði
Sími 456 5297 & Faxi 456 5297



20% staðgreiðsluafslátt
afmælisdagana 21. og 22. nóv.

simply dresses

B-YOUNG

KELLO CHOISE

MESSAGE

Laura Aime


DIESEL Lee

ZEZE

BERTONI

MELKA

BLEND



JÓN OG GUNNA

Austurvegi 2, Isafirði, sími 456 3464

LEGGUR OG SKEL

20 ÁRA

Helgina 21. og 22. nóv
höldum við upp á 20 ára
afmæli verslunarinnar
sem nú er flutt að
Austurvegi 2



Austurvegi 2 • Sími 456 4070

Verið
velkomin!



20% afsláttur af öllum
vörum þessa daga

Félagsvist verður í Hafnakletti, félagshúsi UMFB að Kirkjuvegi í Bolungarvík, föstudaginn 21. nóvember kl. 20:30. Aðgangseyrir er kr. 500. Allir velkomnir.

Slysavarnarkonur í Bolungarvík! Nú stýtt óðum þar til dregið verður í línuhappdrættinu okkar. Vinnukvöldin eru á miðvikudögum í húsinu okkar og þangað er hægt að skila vinningum. Stílt verður út um mánaðarmótin. Línunefndin.

Til sölu eru 4 stk. 16" pagladekk á felgum. Uppl. gefur Arní í síma 456 3976 á kvöldin.

Lítið notuð 8mm sigurnaglalína, 6-800 krókar, fæst gefins. Uppl. í síma 456 3589.

Óska eftir að kaupa Hokus Pokus stól. Uppl. í síma 898 6328.

Til sölu er Nissan Terrano árg. 1991. Þarfnast smá viðhalds. Mjög góður bill. Upplýsingar í síma 864 0325.

Óska eftir að taka á leigu elnstaklings eða 2ja herb. íbúð á Ísafirði. Helst í bænum en má vera inni í fról. Uppl. í síma 663 7382.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 2001, ekinn 35 þús. km. Skipti möguleg á nýlegum jeppa. Verð kr. 1.900 þús. Upplýsingar í síma 690 1515.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti 13. Uppl. í símunum 567 4547 eða 895 2702.

Til sölu er eldhúsborð (130x90), borð úr Miru, sólargluggatjald (205x180), ÍSDN sími, Rossignol skíði 140 cm og Rossignol skíðaskór. Uppl. í s. 863 1616.

Til sölu er hillusamstæða í stofu, verð kr. 8.000. Upplýsingar í síma 661 8494.

Munið eftir torgsöluinni okkar á föstudaginn kl. 16-17. Kvenda-deild Slysavarnarfélagins.

Til sölu er MMC Pajero GLS árg. 1998, ekinn 112 þús. km. Sjálf-skiptur, leður, toppluga, 32" dekk, lítað gler, dráttarkúla, skríðstillir, varadekkshlíf. Vel með farinn bill sem hægt er að skipta á fyrir fjór hjóladrífinn bl. Uppl. í síma 849 1775.

Karfa

Keflvíkingar lögðu KFÍ

Keflvíkingar áttu ekki í vandræðum með lið KFÍ í Intersportdeild karla í körfuknattleik á sunnudagskvöld en liðin áttust við í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði.

Heimamenn voru þó skammt undan að loknum fyrir hálfleik, 40:41 en í þeim síðari hrökk Keflavík í gang, lokatölur 84:116. Stigahæstir í liði KFÍ: Adam Spanich 29, Jeb Ivey 27, Pétur M Sigurðsson 13.

Ísafjörður

Vilja styðja við Sæfara

Íþrótta- og æskulýðsnefnd Ísafjarðarbæjar hefur falið íþrótta- og æskulýðsfulltrúa að gera samning við Sæfara, félag um sjó-sport á Ísafirði, um námskeiðahald fyrir börn og unglinga næsta sumar.

Samþykkti nefndin að til þessa verkefnis verði ætlaðar 500.000 kr.

Tölvuþjónustan Snerpa og Lína.net í samstarf

Fyrsta netveitan til að beintengjast öllum netveitum landsins

Tölvuþjónustan Snerpa á Ísafirði hefur gengið frá beintengingu við Lína.net um svokallaða RIX netskiptistöð. Þar með er Snerpa komin með

beintengingu við allar sjálfstæðar internetveitur (e. autonomous systems) á Íslandi. Björn Davíðsson hjá Snerpu segir að þar með sé Snerpa

orðin fyrsta netveitan hérlandis sem komi á beintengingu við allar aðrar sjálfstæðar netveitur.

„Beintenging þýðir að milli-

liðalaust samband er sett upp. Ef koma upp truflanir í samskiptum við eina netveitu þá eru áhrif þeirra einungis bundin við viðkomandi netveitu en ef ekki er um beintengingu að ræða þá er samband um aðrar netveitur og truflanir í slíkum tilfellum verða þá umfangsmeiri“, segir Björn.

Í tilkynningu frá Snerpu segir að tilgangurinn með beintengingu sé að dreifa álagi betur, auka rekstraröryggi og

auka gæði netsambanda. „Í rekstri stórra netkerfa koma ávallt upp aðstæður þar sem rekja þarf orsakir truflana, með því að setja upp beintengingar er umfang slíkra truflana lágmarkað og bilanagreining einfölduð. Einnig flæðir umferð beint á milli kerfa í stað þess að fara um netkerfi þriðja aðila sem lækkar umferðartíma og bætir nýtingu netsambanda“, sagði Björn.

– kristinn@bb.is

Norðurtangahúsið á Ísafirði

Iðnvædd beituframleiðsla að hefjast

Iðnvædd beituframleiðsla með nýrri og byltgarkenndri aðferð er að hefjast í einu af fyrrum fiskvinnsluhúsum Hraðfrystihússins Norðurtanga á Ísafirði. Framleiðslan gengur út á að blokkfrystum afurðum er umbreytt í einskonar snjó og búin til beita með svokallaðri tepoka-að-

ferð. Þannig er hægt að nýta margskonar hráefni sem hefði að öðrum kosti ekki hangið á öngli.

Það er Sveinbjörn Jónsson frá Suðureyri sem hefur unnið að því að koma beituvinnsunni af stað síðustu misseri. Í því skyni keypti hann eitt af fyrrum fiskvinnsluhúsum

Norðurtangans af Þróunar-sjóði sjávarútvegsins um síðustu áramót. Rannsóknir og tilraunir með þessa aðferð hafa staðið í að minnsta kosti þrjú ár í samstarfi fjölmargra aðila. Svæðisútvarpið greindi frá því að nú hafi verið sótt um einkaleyfi á snjótækninni.

– kristinn@bb.is

Jólahlaðborð veitingahússins Krúsarinnar

Ný söngskemmtun í undirbúningi

Veitingahúsið Krúsin á Ísafirði verður með jólahlaðborð í desember eins og undanfarin ár. Uppistaða jólahlaðborðsins verður eins og áður glæsilegt steikarhlaðborð. Á meðan gestir njóta matarins verður flutt söngdagskrá sem ber nafnið Eyjalögin „Út við himinbláu bláu sundin“.

Eins og nafnið vísar í verður uppistaðan lög þeirra félaga Oddgeirs Kristjánssonar og Ása í Bæ sem fyrir löngu eru orðin sígild í hugum landsmanna. Lífseigust hafa þau

verið í hugum fólks í flutningi Rúnars Gunnarssonar og Svanhildar Jakobsdóttur ásamt Sextetts Ólafs Gauks. Hver man ekki lögin, Ship og hoj, Ég veit þú kemur, Blítt og létt og Bjartar vonir vakna svo einhver lög séu nefnd. Einnig verða sungin nýrri þjóðhátíðarlög úr Herjólfssdal. Að söngskemmtun lokinni munu Þórunn og Halli leika fyrir dansi.

Hljómsveitin sem stendur að þessari uppsetningu er skipað þeim Benedikt Sigurðssyni söngvara, Þórunni Snorra-

dóttur söngvara, Jóni H Engilbertssyni gítarleikara, Magnúsi Hávarðarsyni bassaleikara og Karli Jónssyni trommuleikara. Að sögn Jóns Hallfreds hafa æfingar gengið vel og segir hann það mjög skemmtilegt að spila þessa fallegu tónlist. „Þessi lög eru sígild og eiga alltaf vel við“ sagði Jón Hallfred í samtali við blaðið.

Fyrsta jólahlaðborðið verður 22. nóvember og hefur aðsókn verið svo góð að í dag er ekki laust fyrr en 5. desember.

– hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þar sem nú er unnið að nýrri þjóðskrá m.v. 1. desember 2003, er íbúum sveitarfélagsins bent á að tilkynna um breytt lögheimili sem allra fyrst. **Eigendum íbúða** er skylt að fylgjast með búsetuskráningu leigjenda sinna. **Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana** eru hvattir til að minna nýtt starfsfólk á að flytja lögheimili sitt sé þess þörf.

Skrifstofan á Ísafirði er opin frá kl. 10:00 til 15:00 virka daga. Einnig eru skrifstofurnar á Suðureyri og Þingeyri opnar og taka á móti tilkynningum. Hægt er að ná sambandi við manntalsfulltrúa í síma 450 8000 sé frekari upplýsinga þörf.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

STAKKUR SKRIFAR

Rýming á Ísafirði

Mörgum brá við fréttir af rýmingu veggja fjölbýlishúsa við Seljaland 12 og 14 á Ísafirði föstudaginn 7. nóvember síðastliðinn er 45 íbúum var gert að yfirgefa íbúðir sínar. Sennilega hefur öðrum en Ísfríðingum brugðið meira. Heimamenn eru vanir því að gripið sé til öryggisráðstafana vegna yfirvofandi náttúruhamfara. Oftast hefur þó snjórin gert okkur lífið leitt og svo um munar. Á rétt um einu og hálfu ári dóu 35 manns af völdum snjóflóða í Skutulsfirði, Súðavík og á Flateyri. Þetta var á árunum 1994 til 1995 og mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Meðal annars hefur verið byggt nýtt þorp í Súðavík, reistur mikill snjóvarnargarður á Flateyri, hús keypt upp í Hnífsdal norðanverðum undir Búðarhrynu. Nú er komið að Seljalandsmúlanum, en þar er verið að byggja mikinn varnargarð. Svo sem kunnugt er féllu tvö mikil snjóflóð á Seljalandsal, hið fyrra 5. apríl 1994. Það eyðilagði skíðamannvirki og svipti burt 40 af 42 sumarbústöðum í Tungudal. Hið síðara féll 14. mars 1999 og eyðilagði skíðalyftu, sem byggð hafði verið eftir fyrra flóðið, en náði ekki fram af Seljalandsmúla. Nú hafa vísustu fræðimenn á sviði snjóflóðavarna komist að þeirri niðurstöðu, að öryggi fólks í innanverðum Skutulsfirði verði best tryggt með varnargarði.

Það kann að vera kaldhæðni órlaganna að nú skyldi vera rýmt vegna gerðar snjóvarnargarðsins við Seljalandsmúla. En það var gert vegna þess að yfirvöld almannavarna óttuðust að rigningin myndi valda aurskríðum.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



**Smáauglýsing
á aðeins 500 kr.*
Alla daga**

*3 línur; tilvaldið gildir til 30. des.

Sími 969 1111 eða augl@mb.is

Morgunblaðið

helgar

dagbókin

Sjónvarp • veður •
skemmtanir •
íþróttir • fólk •
fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Norðaustlæg átt, víða 8-13 m/s, en 10-15 m/s norðvestantil. Bjartviðri suðvestanlands, en annars él. Hiti í kringum frostmark, en allt að 5 stiga hiti sunnantil.

Horfur á föstudag:
Minnkandi norðanált, 3-8 m/s . Él norðanlands, en annars víða léttskýjað. Frost 0 til 8 stig, kaldast

norðantil.

Horfur á laugardag:

Minnkandi norðanált, 3-8 m/s . Él norðanlands, en annars víða léttskýjað. Frost 0 til 8 stig, kaldast norðantil.

Horfur á sunnudag:

Norðaustlæg átt og ofankoma, en léttskýjað suðvestantil. Áfram kalt.

Horfur á mánudag:

Norðaustlæg átt og ofankoma, en léttskýjað suðvestantil. Áfram kalt.

sportið

Sjónvarpið:

Laugardagur 22. nóv.:

Kl. 14:25 – Þýski boltinn:

Leikur óákveðinn.

Kl. 16:20 – Bíkarkeppnin í kórffubolta: Úrslit karla.

Sýn:

Laugardagur 22. nóv.:

Kl. 12:25 – Enski boltinn:

Manchester United –

Blaeburn Rovers

Kl. 20:20 – Spænski boltinn:

Leikur óákveðinn.

Sunnudagur 23. nóv.:

Kl. 16:30 – Enski boltinn:

Tottenham – Aston Villa.

Mánudagur 24. nóv.:

Kl. 15:55 – Meistaradeildin í handbolta:

Barcelona – Haukar úr Hafnarfirði

Kl. 19:50 – Enski boltinn:

Fulham – Portsmouth.

Þriðjudagur 25. nóv.:

Kl. 19:30 – Meistaradeild Evrópu:

Inter Milan – Arsenal

Kl. 21:40 – Meistaradeild Evrópu:

Celtic – Bayern Munchen.

Miðvikudagur 26. nóv.:

Kl. 19:30 – Meistaradeild

kirkja

Suðureyrarkirkja:

Kirkjuskóli á laugardag kl.

11:00. Ath! breyttan tíma.

Guðspjónusta á sunnudag

kl. 11:00. Frímúrarar ann-

ast söng og predika og

bjóða í kirkjukaffi á eftir.

Hólssókn:

8-12 ára starf í Safnaðar-

heimilinu á sunnudag

kl. 11:00-13:00.

Flateyrarkirkja:

Krakkaklúbbur á mið-

vikudag kl. 16:30.

Holt - friðarsetur:

Fræðslukvöld föstudaginn

21. nóvember kl. 20:30.

Kristin íhugun, slökun og

líkamsbeitin. Opið hús fyrir

aldraða á laugardag

kl.14:00 til 16:30.



www.ruv.is

Föstudagur 21. nóvember

16.35 At
17.05 Leioarljóð
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (18:26)
18.30 Snjallar lausnir (19:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Englar í sókninni. (Angels in the Endzone) Fjölskyldmynd frá 1997 um engla sem koma fremur lélegu runningsliði til hjálpar. Aðalhlutverk: Paul Doolley, Matthew Lawrence, David Gallagher og Jack Coleman.
21.40 Af fingrum fram. Jón Ólafsson ræðir við Geirmund Valtýsson, bregður upp svipmyndum frá ferli hans og tekur með honum lagið.
22.25 Amerískir útlagar. (American Outlaws) Bandarískur vestri frá 2001 um unga menn sem snúa vörn í sókn þegar jambaubatabarón ætla að sölsa undir sig lendur þeirra í Miðvesturríkjum. Meðal leikenda eru Colin Farrell, Scott Caan, Ali Larter, Kathy Bates og Timothy Dalton.
00.00 Eg og frú Jones. (Me and Mrs. Jones) Þau Robson Green og Caroline Goodall eru í aðalhlutverkum í þessari bresku kvikmynd sem er frá 2002. Þar segir frá blaðamanni sem siglir undir fölsku flaggi og fer að vinna við fjárföllum fyrir stjórnmálaflokk í von um að geta grafið upp eitthvað safaríkt slóður um forsætisráðherrann Lauru Bowden. En málin flekjust þegar þau verða ástfangin. Í öðrum helstu hlutverkum eru Philip Quast og Keeley Hawes.
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 22. nóvember

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Tommi togvagn (21:26)
09.08 Bubbi byggir (14:39)
09.20 Andarteppa (14:39)
09.32 Sögurnar hennar Sölu (1:13)
09.42 Villi spæta (6:26)
10.03 Frækni ferðalangar
10.32 Stundin okkar
11.00 Harry og hrukkudýrin (3:7)
11.25 At
11.50 Kastljósið
12.15 Geimskipið Enterprise (10:26)
13.00 Reykjavæla
14.00 Á bak við tjöldin. Þáttur um undirbininginn fyrir landsleik þjóðverja og Íslendinga í fótbolta 11. október sl. og umgjörðina í kringum hann. Þátturinn er skreyttur viðtölum við ýmsa sem að undirbiningu leiksins komu, þar á meðal Eyjólf Sverrisson.
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
16.20 Bíkarkeppi í kórffubolta. Bein útsending frá leik í úrslitum karla.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Svona er lífið (20:36)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.30 Spaugstofan
21.00 Draugaveröld. (Ghost World) Gamannmynd frá 2000 um ævintýri tveggja stúlka sumarið eftir að þær ljúka menntaskólanámi. Aðalhlutverk leika Thora Birch, Scarlett Johansson, Steve Buscemi, Brad Renfro og Illeana Douglas.
22.50 Saklaus fegurð. (Stealing Beauty) Bíomýnd frá 1996. Nítján ára bandarísk stúlka kemur til Ítalíu til að láta mála af sér mynd eftir að móðir hennar fyrirfer

sér. En það vakir fleira fyrir henni. Meðal leikenda eru Liv Tyler, Jeremy Irons, Donal McCann, Joseph Fiennes, Jason Fleming og Rachel Weiss.
00.45 Rushmore. Bandarísk bíomýnd frá 1998. Skólastrákur verður ástfanginn af kennara sínum en á þar í samkeppni við velgjörðarmann sinn sem er þansell auðkýfingur. Aðalhlutverk leika Jason Schwartzman, Bill Murray, Olivia Williams, Seymour Cassel og Brian Cox. e.
02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 23. nóvember

09.00 Disneystundin (6:10)
09.01 Otrabörninn (54:65)
09.23 Sígildar teiknimyndir (12:42)
09.30 Gengið (12:28)
09.56 Morgunundin okkar
09.57 Babar (32:65)
10.22 Draumaduft (9:13)
10.28 Ungur uppfinningamaður
10.50 Nýjasta teki og vísindi
11.05 Vísindi fyrir alla
11.20 Spaugstofan
11.50 Laugardagskvöld með Gísla
12.40 Samræða um kvikmyndir
13.35 Af fingrum fram
14.15 Mósak
14.55 Tónleikar í Texas
16.10 Hafíð, bláa hafíð
17.00 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Karl Sundlöv (3:4)
18.40 Riddarinn
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Í brennidepli
20.45 Nikolaj og Julie (16:16)
21.35 Helgarsportíð
22.00 Sólmyrkvi í Kandahar. (Safar e Ghandehar) Þrónsk/frönsk bíomýnd frá 2001 um afganska konu búsetta í Kanada sem snýr heim til Kandahar til að reyna að koma í veg fyrir að systir hennar flyrferari sér. Aðalhlutverk leika Nelofer Pazira, Hassan Tanta, Sadou Teymourí og Hoyatala Hakimí.
23.25 Kastljósið
23.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

Föstudagur 21. nóvember

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Neighbours
12.25 Í finu formi
13.00 Jag (23:25) til að verja Harm.
13.45 Amazing Race (12:13)
14.30 Top 10 Eating Contests
15.15 Dawson's Creek (15:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Dark Angel (1:21)
18.30 Ísland í dag
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Ísland í dag
20.00 The Simpsons (21:22)
20.30 Ídol-Stjörnuleit. (Þáttur 10) Nú er síðasta tækifærið til að tryggja sér sæti í úrslitum. Aðeins einn af söngvurum kvöldsins heldur áfram keppni.
21.40 The Osbournes (26:30)
22.10 Ídol-Stjörnuleit. Stundin er runnin upp. Nú verður tilkynnt hvaða keppandi er síðastur til að taka sæti í úrslitum.
22.30 Bernie Mac (21:22)

Stöð 2: 22. nóv. kl 21:35

Sporðdrekkakóngurinn, eða The Scorpion King, er ævintýraleig hasarmynd frá árinu 2002 sem Stöð2 sýnir kl. 21:35 á laugardagskvöld. Memnon er illgjarn kóngur sem ætlar eigi heimsyfírráð. Hann nýtur aðstoðar slóttugar galdranornar sem andstæðingar kóngsins eru staðráðnir í að ryðja úr vegi. Takist það verður framganga Memmons stöðvuð í eitt skipti fyrir öll. Hugrakkur stríðsmaður stígur fram reiðubúinn til hjálpar en kóngurinn illi hefur ekki sagt sitt síðasta orð. Aðalhlutverk leika Dwayne Johnson (mynd), Steven Brand og Michael Clarke Duncan. Myndin er bönnuð börnum.

22.55 Overboard. (Bylt fyrir borð) Rómantísk gamannmynd. Skaðreis-kvendið Joanna ræður Dean til að snúa fataskáp í snekkjuna hennar. Hann leysir verkíð vel af hendi en hún neitar að borga honum. Nokkru síðar ferður Joanna útbýrðis en er bjargað. Í kjölfarið hjást hún af minnisleysi og þá sér Dean kjörð tækifæri til að láta Joanna borga sér vinnulaunin. Aðalhlutverk: Goldie Hawn, Kurt Russell, Edward Herrmann.
00.45 Snatch. (Gripinn, gómaður, negldur) Þriggja stjarna gleppmynd. Fullpall af skemmtilegum húmor. Franky er kríminn sem á að færa foringja sínum í New York risastórinn demant. Á leiðinni lækist hann í svíkamál í Lundúnum. Það dregst að afhenda demantinn og yfirmaðurinn fer að kyrrast. Er Franky sjálfur mesti svíkahappurinn eða er eðlileg skýring á hvarfi demantsins? Aðalhlutverk: Dennis Farina, Brad Pitt, Benicio Del Toro, Vinnie Jones.
02.25 For Love of the Game. (Það er engin leið að hætta) Hafnabólaleikmaðurinn Billy Chapel stendur á fimamótum. Árum saman hefur hann verið burðarís í löti Detroit Tigers en nú hefur félagið ekki lengur áhuga á starfskröftum hans. Á sama tíma er sambandið við konuna hans að liðast í sundur og hún er ákveðin að yfirgefa hann. Billy verður að endurnæta líf sitt og takast á við erfiðleikana. Aðalhlutverk: Kevin Costner, Kelly Preston, John C. Reilly.
04.40 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 22. nóvember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The Duke
11.20 Töframaðurinn
11.40 Bold and the Beautiful
13.30 Viltu vinna milljón?
14.20 Football Week UK
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.10 Oprah Winfrey
18.00 Silfur Egils
18.54 Lottó
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Friends (16:23)
20.00 The Full Monty. (Með fullri reism) Ein vinsælasta gamannmynd síðari ára fjallar um nokkra atvinnulausa stálíðjuverkamenn sem deyja ekki ráðlausir þótt á móti blási. Neyðin kennir naktri konu að spinna og félagarnir fá þá hugmynd að gerast nektardansarar til að geta seð sér og sínum farborða. Gallinn er bara sá að þeir kunna ekki að dansa, eru taklausir, of þungir og oframfærir. Aðalhlutverk: Robert Carlyle, Tom Wilkinson, Mark Addy, Lesley Sharp.
21.35 The Scorpion King. (Sporðdrekkakóngurinn) Ævintýraleig hasarmynd. Memnon er illgjarn kóngur sem ætlar sér heimsyfírráð. Hann nýtur aðstoðar slóttugar galdranornar sem andstæðingar kóngsins eru staðráðnir í að ryðja úr vegi. Takist það verður framganga Memmons stöðvuð í eitt skipti fyrir öll. Hugrakkur stríðsmaður stígur fram reiðubúinn til hjálpar en kóngurinn illi hefur ekki sagt sitt síðasta orð. Aðalhlutverk: Dwayne Johnson, Steven Brand, Michael Clarke Duncan.
23.15 John Q. Dramatísk kvikmynd. John Quincy Archibald er í uppnámi. Sonur hans hneig niður í íþróttatina og á spítalanum fékk John hraðileg tífinni. Fáir strákurinn ekki nýtt hjarta blasir dauðinn við. Félagarnir eru ekki tryggðir fyrir slíkra aðgerð og því á þabinn bara um eitt að velja. Hann gripur til örþrífaraða. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Gabriela Oltean, Robert Duvall, James Woods.
01.10 The Animal. (Dýri) Bráðskemmti-

leg kvikmynd. Marvin Manga er seinheppinn náungi en geðablöð inn við beinið. Hann lendir í alvarlegu slysi en það verður honum til hags á leknir er nærstaddur. Bjargvetturinn græðir nokkri líffæri í Marvin sem er nú betri en nokkri sinni fyrr. Síðar kemur á daginn að líffærin er úr dýrum og þá koma ýmsar aukaverkanir í ljós. Aðalhlutverk: Rob Schneider, Colleen Haskell, John C. McKinley.
02.30 Lost Souls. (Glasabáir sáðir) Hrollvekjandi spennmynd. Höpur kaþóllika óttast að satan láti brátt til skara skrifa. Maya Larkin tilheyrir þessum hópi sem trúir því að sá útdvaldi sé spennusagnaböfundurinn Peter Kelson. Samkvæmt kenningunni mun satan taka sér bálfestu í líkama Peters með skelfilegum afleiðingum. Maya ferir Peter tífinninn sem hann tekur fálaga en í kjölfarið taka undarlegir atburðir að gerast. Aðalhlutverk: Winona Ryder, Ben Chaplin, Philip Baker Hall, Elias Koteas.
04.05 Whipped. (Rassskeltir) Gamannmynd um nokkra vini sem hugsa um fátt annað en að komast á kvennafur. Þeir hittast víkulega og gorta yfir afrekum sínum á þessu sviði en svo fer að þeir falla allir fyrir sömu þokkadísinni. Félagarnir eiga nú í bullandi samkeppni og vinskapnum er stefnt í heitu. En hver skyldi þera sigur úr bytun? Aðalhlutverk: Amanda Peet, Brian Van Holt, Zorie Barber, Jonathan Abrahams.
05.25 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 23. nóvember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 Ídol-Stjörnuleit
14.50 Ídol-Stjörnuleit
15.20 Lifsaugð
16.00 Eldsnögg með Jóa Fel
16.35 Sjálfstætt fólk
17.10 Oprah Winfrey
18.00 Silfur Egils
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 60 Minutes
20.25 Sjálfstætt fólk
21.00 Viltu vinna milljón?
21.55 Six Feet Under (9:13). Nokkur af verkum Clair og Russel rata á listasýningu, þar sem Nate og Lisa rekast á Brendu, sem kemur sér illa þar sem hjónaband þeirra er komið á hálán is. Þrífleikur Keith og David heldur áfram þrátt fyrir að þeir vörðist ekki báðir jafn áhugasamir. Bönnuð börnum.
22.50 Curb Your Enthusiasm (4:10)
23.20 Ídol-Stjörnuleit
00.25 Ídol-Stjörnuleit
00.40 Sweet November. (Notalegur nóvember) Rómantísk kvikmynd. Nelson Moss býr og starfar í San Francisco. Hann vinnur við auglýsingagerð og þykir einn sá besti í faginu. En daginn sem hann fer í okuprófíð tekur líf hans stakka stíllur. Hann hittir Séru Deeever, stúlku sem gefur lífið fyrir lífsgeðakappa. Með þeim takast góð kynni og Nelson verður að gera það upp við sig hvað það er sem virkilega skiptir máli. Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Charlize Theron, Jason Isaacs.
02.40 Tónlistarmyndbönd



www.syn.is

Föstudagur 21. nóvember

12.55 Presidents Cup. (Forsetabíkurinn) Bandaríska gollfandsliðið mætir úrvalshliði alþjóðlegra kylfinga í keppni um Forsetabíkurinn 20. og 23. nóvember. Keppt er í Suður-Afríku en Sýn er með beinar útsendingar frá mótnu alla keppnisdagana.
16.00 Olisport
16.30 Trans World Sport
17.30 Football Week UK
18.00 Gillette-sportpakkinn
18.30 Allt af boltanum
19.00 UEFA Champions League
19.30 Fastrax 2002
19.60 Motorsport 2003
20.30 Presidents Cup
23.30 Let the Devil Wear Black. (Djífurill í Englaborg) Spennmynd um unga mann sem rannsakur duralfurill lát föður sinn. Jack er bruguð þegar honum berst andlátífregnin og heldur samfundin frá Austurströndinni, þar sem hann stundar nám, til heimilis foreldra sinna í Los Angeles. Og ekki betur þad lífan hans þegar móðir hans og frændi tilkynna um brúðkaup sitt skömmu eftir auðuborn. Eitthvað undarlegt býr að baki og Jack ætlar að komast til bóts í málinu. Aðalhlutverk: Jacqueline Bisset, Mary-Louise Parker, Norman Reedus, Jonathan Penner.
01.10 Dagskrárlok - Næturrásin

Laugardagur 22. nóvember

09.55 Presidents Cup. (Forsetabíkurinn) Bandaríska gollfandsliðið mætir úr-



Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., í Hnífsdal

Tap á þriðja ársfjórðungi en hagnaður í heild

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. í Hnífsdal var rekið með 250 milljóna króna hagnaði fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs samkvæmt milliuppgjöri sem birt var í síðustu viku. Á sama tíma í fyrra var félagið rekið með 560 milljóna króna hagnaði og hefur hagnaður því dregist saman um 55% á milli ára.

Rekstrartekjur tímabilsins voru um 2.040 milljónir króna og rekstrargjöld 1.670 milljónir króna. Hagnaður fyrir afskriftir er því um 370 milljónir króna samanborið við tæpar 724 milljónir króna í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir er því um 18% í stað 28% í fyrra. Afskriftir og fjármagnsliðir eru svipaðir á milli ára. Veltufé

frá rekstri minnkar milli ára úr 533 milljónum króna í 293 milljónir króna. Veltufjárhlutfall lækkar úr 1,19 í 0,95. Eiginfjárhlutfall lækkar milli ára úr 29,6% í 28,4%.

Í frétt frá félaginu segir að áhrif styrkingar krónunnar á framlegð félagsins hafi veruleg áhrif þar sem nær allar rekstrartekjur eru í erlendum

myntum en rekstrargjöld séu að stærstum hluta í íslenskum krónum. Þá segir einnig að hlutdeild í afkomu Guðmundar Runólfssonar hf. og Háafells ehf. hafi verið neikvæð um 14 milljónir króna en eignarhluti HG í félögunum er um 40%. Háafell ehf. rekur sem kunnugt er seiðaeldisstöð á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi.



Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., í Hnífsdal.

Á þriðja ársfjórðungi var félagið rekið með 55 milljóna króna tapi. Helsta ástæða þess er, samkvæmt tilkynningu félagsins, tap á áðurnefndum hlutdeildarfélögum að upphæð 26 milljónir króna og auk þess hafi vinnsluskipið Júlíus Geirmundsson verið frá veiðum í þrjár vikur og bolfisk-

vinnsla félagsins hafi verið lokað í þrjár vikur.

Í tilkynningu frá félaginu segir að þróun gengis íslensku krónunnar muni hafa afgerandi áhrif á rekstarniðurstöðu félagsins á árinu en miðað við núverandi aðstæður sé gert ráð fyrir að fyrirtækið verði gert upp með hagnaði. – hj@bb.is

Vandræði í rekstri Hóslárveitu í Bolungarvík

Hönnuðir krafðir um hugsanlegar bætur

Töluverð vandræði hafa verið í rekstri Hóslárveitu í Bolungarvík að undanförmu. Bæjarráð hefur falið bæjarsjóra að krefja hönnuði um úrbætur og hugsanlegar bætur þar sem veitan stenst ekki væntingar. Veitan var lögð úr Hólsá fyrir rúmum tveimur árum og er mjög fullkomin að gerð en hún var hún hönnuð af starfsmönnum Línuhönnunar hf. Fyrst er vatnið grófsíað og þaðan fer það í sandsíu, síðan er það geislað með útfjólubláum geislum til þess að tryggja endanlega heilnæmi þess. Áætlað var að afköst veitunnar yrðu um



225 rúmmetrar á klukkustund. Kostnaður við þessa framkvæmd var um 36 milljónir króna.

Að sögn Einars Péturssonar bæjarsjóra í Bolungarvík hefur rekstur veitunnar aldrei staðið undir væntingum af ýmsum ástæðum, m.a. hafa dæluhlól tærst mjög fljótt og afköst veitunnar hafa aldrei orðið eins og áætlað hafði verið. Hefur það þó ekki komið að sök fyrir viðskiptavinum vatnsveitunnar m.a. vegna

þess að rækjuvinnsla hefur verið minni í Bolungarvík en áætlanir voru um á sínum tíma. Rekstarkostnaður veitunnar hefur hinsvegar verið mun meiri en áætlað hafði verið.

Að sögn Einars hefur ekki tekist að koma veitunni í það lag sem hönnuðir hennar gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Bæjarráð ákvað því að fela bæjarsjóra að krefja Línuhönnun hf. um úrbætur vegna þessa ástands og geta þær að sögn Einars meðal annars falið í því að bærinn krefji Línuhönnun um skaðabætur. – hj@bb.is

Starfsmenn VoiceEra í Bolungarvík

Hafa fengið greidd laun frá Ríkisábyrgðasjóði

Fimm fyrrum starfsmenn hátækniyrirtækisins VoiceEra í Bolungarvík sem sóttu launakröfur á hendur fyrirtækinu með milligöngu Verka-

lýðsfélags Vestfjarða hafa fengið kröfur sínar greiddar frá Ríkisábyrgðasjóði. Voice-

Era var úrskurðað gjaldþrota 25. júní s.l. en starfsfólk þess hætti í júní lok í fyrra eftir að öllum hafði verið sagt upp.



Ljósadýrð á Pollinum

Óhætt er að segja að veður hafi verið afar milt á Vestfjörðum að undanförmu, hlýtt og snjólaust. Myrkrið verður sérstaklega svart þegar jörð er auð í skammdeginu og virðist það enn magna upp kvöldkyrrðina sem Ísfríðingar og sjálfsagt fleiri Vestfríðingar hafa fengið að njóta síðustu

daga. Við þessar aðstæður er engu líkara en tekin hafi verið upp ný árstíð með hlýju haustlofti en svörtu vetrarmyrki. Þorsteinn J. Tómasson andaði að sér útiloftinu kvöld eitt í síðustu viku og tók meðfylgjandi mynd af Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Ísafirði. – kristinn@bb.is

Helgi Ólafsson, sem sá um mál starfsmannana hjá Verkalýðsfélagi Vestfjarða, segir heildarkröfuna hafa hljóðað upp á tæpar fimm milljónir króna auk vaxta. Starfsmennirnir áttu inni fjögurra til fimm mánaða laun, þar af þriggja mánaða laun á uppsagnar-

fresti. Samkvæmt lögum um Ríkisábyrgðarsjóð dragast aðrar tekjur sem starfsmenn hafa haft á uppsagnarfresti frá launakröfum. Fleiri munu hafa átt inni laun hjá fyrirtækinu og sótt þau í gegnum önnur stéttarfélög. – kristinn@bb.is

STEINKO STEINARR

SYNT Í HÖMRUM Á ÍSAFIRÐI

FRUMSÝNING	
LAU	22. NÓV KL. 20:30
MÍÐ	26. NÓV KL. 20:30
FIM	27. NÓV KL. 20:30

MÍÐAFANTANIR Í SÍ: 456-3022

ALLIR DAGAR ERU DEKURDAGAR

DEKURHÚSIÐ

Hárstofa

ADALGÖTU
SUBAVÍK
S. 458 4588

DEKURHÚSIÐ 1 árs

Í tilefni afmælisins 7. des. nk. verður gefinn 20% AFSLÁTTUR af allri þjónustu DEKURHÚSSINS frá 20. nóv. til 7. des. nk.

Verið hjartanlega velkomið. Sjá nánar á www.dekurhus.is

Tímabíll í síma 458 5888

20% afsl.

DÚNDUR BARNAFATANAMARKAÐUR

í Hólmshöfðinu í Ísafirði

Laugard. 22. nóv. nk. kl. 14-18

Vandast 16t á góðum verðum

DEKURHÚSIÐ - ekki bara þakkað...